Borgarráð

Reykjavík, 4. maí 2026
MSS25120033

Starfshópur um eignarhald íþróttamannvirkja á starfssvæði Knattspyrnufélagsins Vals á Hlíðarenda.

Lagt er til að borgarráð samþykki samkomulag í hjálögðu minnisblaði frá starfshópi um eignarhald íþróttamannvirkja á starfssvæði Knattspyrnufélagsins Vals á Hlíðarenda.

Greinargerð:

Samkomulagið varðar yfirfærslu eignarhalds íþróttamannvirkja Vals til Reykjavíkurborgar, í samræmi við erindisbréf starfshópsins sem lagt var fyrir borgarráð 16. febrúar 2024. Forsenda samkomulagsins er samkomulag á milli Knattspyrnufélagsins Vals, Hlíðarenda ses og Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarráði 14. desember 2023 sem og samningsmarkmið Reykjavíkurborgar vegna yfirfærslu eignarhalds á mannvirkjum hverfisíþróttafélaga sem samþykkt voru í borgarráði 26. mars 2026.

Kaupsamningsgreiðsla fyrir eldri hluta íþróttahúss er 22.993.201 kr. Þinglýsingar- og stimpilgjöld vegna eignayfirfærslunnar er áætlaður 40.035.800 kr og verður fjármagnað í gegnum eignasjóð Reykjavíkurborgar.

Með samkomulaginu hefur Reykjavíkurborg efnt að fullu ákvörðun borgarráðs frá 2023 að vinna að endurskoðun á eignarhaldi íþróttamannvirkja að Hlíðarenda með það að markmiði að Reykjavíkurborg taki yfir rekstur þeirra.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:
Minnisblað til borgarstjóra frá starfshópi um eignarhald íþróttamannvirkja á starfssvæði Knattspyrnufélagsins Vals á Hlíðarenda ásamt fylgiskjölum.

Reykjavík

Minnisblað

Viðtakandi: Heiða Björg Hilmisdóttir, borgarstjóri

Sendandi: Starfshópur um eignarhald íþróttamannvirkja á starfssvæði Knattspyrnufélagsins Vals á Hlíðarenda.

Efni: Tillaga starfshóps um samkomulag á milli Knattspyrnufélagsins Vals og Reykjavíkurborgar um yfirfærslu eignarhalds íþróttamannvirkja Vals til Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt samkomulag á milli Knattspyrnufélagsins Vals og Reykjavíkurborgar um yfirfærslu eignarhalds íþróttamannvirkja Vals til Reykjavíkurborgar, í samræmi við erindisbréf starfshópsins sem lagt var fyrir borgarráð 16. febrúar 2024. Forsenda samkomulagsins er samkomulag á milli Knattspyrnufélagsins Vals, Hlíðarenda ses og Reykjavíkurborgar sem samþykkt var í borgarráði 14. desember 2023 sem og samningsmarkmið Reykjavíkurborgar vegna yfirfærslu eignarhalds á mannvirkjum hverfisíþróttafélaga sem samþykkt voru í borgarráði 26. mars 2026. Með samkomulaginu hefur Reykjavíkurborg efnt að fullu ákvörðun borgarráðs frá 2023 að vinna að endurskoðun á eignarhaldi íþróttamannvirkja að Hlíðarenda með það að markmiði að Reykjavíkurborg taki yfir rekstur þeirra.

Greinargerð:
Forsögu málsins má rekja til ákvörðunar borgarráðs frá 14. desember 2023 þegar borgarráð samþykkti samning vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á Hlíðarenda. Samningurinn er á milli Knattspyrnufélagsins Vals, Hlíðarenda ses. og Reykjavíkurborgar.

Í 12. gr. samningsins segir að Reykjavíkurborg og Valur séu sammála um að samhliða undirritun samningsins skuli stofna starfshóp sem hafi það hlutverk að endurskoða eignarhald íþróttamannvirkja á Hlíðarenda, sem ekki eru þegar í eigu Reykjavíkurborgar, sem og þeirra lóða sem þau standa á, með það að markmiði að Reykjavíkurborg taki yfir rekstur þeirra frá og með 1. janúar 2025. Markmið endurskoðunarinnar er að undirbúa yfirfærslu reksturs og eignarhalds mannvirkjanna til Reykjavíkurborgar frá og með 1. janúar 2025.

Starfshópur um eignarhald mannvirkjanna, skipað fulltrúum Reykjavíkurborgar og Vals, hefur unnið í samræmi við erindisbréf sem lagt var fram í borgarráði 16. febrúar 2024. Í samningateyminu sátu fyrir hönd Reykjavíkurborgar Helena Rós Sigmarsdóttir, lögfræðingur sem var formaður, Auður Inga Ingvarsdóttir, lögfræðingur hjá umhverfis- og skipulagssviði og Steinþór Einarsson sviðsstjóri menningar- og íþróttasvið. Fyrir hönd Vals sátu í samningateyminu Hörður Gunnarsson og Grímur Sæmundsen. Starfsmaður samningateymisins var Auður Inga Ingvarsdóttir, lögfræðingur hjá umhverfis- og skipulagssviði. Samkvæmt erindisbréfi átti starfshópurinn að skila tillögum fyrir 31. október 2024. Umfang verkefnisins og flókin baksaga seinkaði ferlinu umtalsvert.

Að baki samkomulagi liggja ýmsar skýrslur sem samningateymið hefur látið vinna eins og ástandsúttekt á íþróttamannvirkjum og verðmat á fasteignum.

Verkefni samningateymisins og fyrirliggjandi samkomulag

Samkvæmt erindisbréfi samningateymisins sem lagt var fram í borgarráði 16. febrúar 2024 voru tekin fram tvö helstu verkefni starfshópsins. Hér verður farið yfir hvernig þau speglast inn í það samkomulag sem liggur fyrir:

1. Að endurskoða eignarhald íþróttamannvirkja að Hlíðarenda, sem ekki eru þegar í eigu Reykjavíkurborgar, og þeirra lóða sem þau standa á með það að markmiði að Reykjavíkurborg og Knattspyrnufélagið geri samkomulag um rekstur þeirra frá og með 1. janúar 2025.	Lagt er til að Knattspyrnufélagið Valur afsali sér íþróttahúsi, nýja og gamla (skráð sem einn matshluti í Þjóðskrá), ásamt tveimur gervigrasvöllum, til Reykjavíkurborgar. Kaupverð er fundið út á grundvelli samningsmarkmiða sem samþykkt voru í borgarráði 26. mars 2026 en í 5. grein markmiðanna kemur fram að ekki skuli koma fyrir fjárhagslegt endurgjald við eignayfirfærsluna. Heimilt er að gera undantekningu frá því ef hverfisíþróttafélag hefur fjármagnað mannvirkin sín að fullu sjálf. Í slíkum undantekningartilvikum skal miða við óháð verðmat á mannvirkjum og skal greiðsla ekki vera hærri en sem nemur 50% af verðmati að frádregnum kostnaði vegna áætlaðrar viðhaldsþarfar en þó að hámarki 10% af húsmati. Lagt er til að greitt sé fyrir eldra húsið, en ekki er ágreiningur um að Valur fjármagnaði eldra íþróttahúsið að fullu með eigin fé. Hlutur Vals í húsinu er 930 m^2 af 7559,9 m^2 sem gerir 12,3%. Reykjavíkurborg greiði kr. **22.993.201,-** fyrir mannvirkið. Eignarhald tveggja gervigrasvalla færist til Reykjavíkurborgar. Gervigrasvöllur austan Arnarhlíðar, verður afhentur Reykjavíkurborg án endurgjalds. Gervigrasvöllur vestan Arnarhlíðar, afhentur Reykavíkurborg samkvæmt samningi frá 2023. Samkvæmt 6. gr. tillagna starfshópsins færist eignarhald íþróttahúsa, nýja og gamla við Hlíðarenda og tveggja gervigrasvalla, til Reykjavíkurborgar með formlegum hætti eigi síðar en í lok árs 2026, í samræmi við samningsmarkmið Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg skal annast viðhaldsstjórnun í samræmi við niðurstöður úttektarskýrslu sem unnin var af Verkís í tengslum við tillögur starfshópsins, sem taki gildi þegar undirritun samkomulags liggur fyrir. Heildar viðhaldskostnaður til ársins 2055 er samkvæmt skýrslunni **3.058.366.000 kr.** Samkomulagið er með fyrirvara um samþykkta fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hverju sinni.
2. Tekið verði á eignarhaldi hins nýja fjölnota íþróttahúss sbr. 7. gr. samnings sem samþykktur var í borgarráði 2023, þannig að eignarhald þessi verði í framtíðinni með	Starfshópurinn telur ekki nægar forsendur liggja fyrir til að gera tillögu að eignarhaldi fjölnota íþróttahússins þar sem hönnun, nýting og fjármögnun hússins liggur ekki fyrir. Hópurinn leggur til að stofnaður verði sérstakur starfshópur sem fjalli sérstaklega um eignayfirfærslu á fjölnotahúsinu.

sama hætti og verði með önnur íþróttamannvirki á Hlíðarenda. Sérstakur samningur verði gerður milli Knattspyrnufélagsins Vals og Reykjavíkurborgar um fjölnotahúsið	

Fjárhagsleg greining

Tímalína viðhalds og framkvæmda samkvæmt samkomulaginu er dregin saman í úttektarskýrslu sem unnin var af Verkís í tengslum við verkefnið og vinna má í Viðauka 3 í tillögum starfshópsins en þær eru með hefðbundnum fyrirvara um samþykkta fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hverju sinni.

Heildar viðhaldskostnaður til ársins 2056 er samkvæmt skýrslunni **3.058.366.000 kr.**

Kaupsamningsgreiðsla fyrir eldri hluta íþróttahúss er **22.993.201 kr.**

Þinglýsingar- og stimpilgjöld vegna eignayfirfærslunnar er áætlaður **40.035.800 kr.**

Hjálagt:

Tillögur starfshóps ásamt viðaukum:

1. Erindisbréf
2. Verðmöt Jöfurs og Mikluborgar
3. Ástandsskýrsla Verkís
4. Fasteignayfirlit
5. Veðbandayfirlit
6. Samningur um rekstur íþróttamannvirkja á milli Vals og Reykjavíkurborgar – Drög
7. Samkomulag á milli Knattspyrnufélagsins Vals, Hlíðarenda ses. og Reykjavíkurborgar sem samþykktur var í borgarráði 14. desember 2023.
8. Yfirlitsmynd af Hlíðarenda og þeim mannvirkjum sem færast til Reykjavíkurborgar
9. Drög að kaupsamningi og afsali íþróttahúsa og gervigrasvalla
10. Lóðarleigusamningur ásamt viðaukum
11. Samningur um eignayfirfærslu á íþróttahúsi – Drög
12. Ávinningur Reykjavíkurborgar
13. Samningsmarkmið Reykjavíkurborgar vegna yfirfærslu eignarhalds á mannvirkjum hverfisíþróttafélaga til Reykjavíkurborgar
14. Skráningartafla íþróttamannvirkja, dags. í apríl 2022
15. Útreikningur kaupverðs

TILLÖGUR STARFSHÓPS UM ENDURSKOÐUN Á EIGNARHALDI ÍÞRÓTTAMANNVIRKJA Á HLÍÐARENDA

EFNISYFIRLIT

1 Tilgangur verkefnis og starfshópur 3

1.1 Almennt 3

1.2 Um starfshópinn 4

2 Helstu niðurstöður 4

3 Nálgun á verkefnið 5

3.1 Flokkun mannvirkja 5

3.1.1 Fasteignir (nú þegar byggðar) í eigu Valsmanna sem áætlað er að færist yfir til Reykjavíkurborgar 5

3.1.2 Mannvirki sem falla utan við verkefnið og verða áfram í eigu Vals 5

3.1.3 Mannvirki og lóðir sem Reykjavíkurborg á nú þegar 5

3.2 Verðmat og úttekt á mannvirkjum 6

4 Óháð verðmöt matsmanna 6

5 Endurgjald fyrir mannvirkin 7

6 Tillögur starfshóps að samkomulagi 8

6.1 Eignayfirfærsla íþróttahúsa og tveggja gervigrasvalla 8

6.1.1 Eftirfylgni með viðhaldi 8

6.1.2 Skipt bótaábyrgð vegna uppsafnarar viðhaldsþarfar 8

6.1.3 Kaup- og forkaupsréttur Vals 9

6.1.4 Stofnun lóða undir mannvirki 9

6.2 Fjölnota íþróttahús 9

7 Annað 9

8 Viðaukar: 10

8.1.1 Viðauki 1 - Erindisbréf 11

8.1.2 Viðauki 2 – Verðmöt Jöfur og Mikluborgar 12

8.1.3 Viðauki 3 – Ástandsskýrsla dags í mars 2025 og uppfærð ástandsskýrsla dags. í september 2025, unnin af Verkís 13

8.1.4 Viðauki 4 - Fasteignayfirlit fasteigna dagsett í október 2025 14

8.1.5 Viðauki 5 - Veðbandayfirlit fasteigna dagsett í október 2025 15

8.1.6 Viðauki 6 - Drög að þjónustusamningi um rekstur mannvirkja á milli Reykjavíkurborgar og Knattspyrnufélagsins Vals 16

8.1.7 Viðauki 7 - Samningur vegna uppbyggingar á reit A og J dags. 11. desember 2023 ... 17
8.1.8 Viðauki 8 - Yfirlitsmynd af Hlíðarenda og þeim mannvirkjum sem færast til Reykjavíkurborgar. Án kvarða. ... 18
8.1.9 Viðauki 9 – Drög að kaupsamningi fyrir íþróttahús og afsali af gervigrasvöllum ... 19
8.1.10 Viðauki 10 – Lóðarleigusamningur um Hlíðarenda 6-10 frá árinu 2005 ásamt síðari lóðarmarkabreytingum ... 20
8.1.11 Viðauki 11 – Drög að samningi um eignayfirfærslu íþróttahúsa ... 21
8.1.12 Viðauki 12 – Ávinningur Reykjavíkurborgar, útreikningur ... 22
8.1.13 Viðauki 13 – Samningsmarkmið Reykjavíkurborgar vegna yfirfærslu eignarhalds á mannvirkjum hverfisíþróttafélaga til Reykjavíkurborgar. ... 23
8.1.14 Viðauki 14 – Skráningartafla dags. apríl 2022 ... 24
8.1.15 Útreikningur kaupverðs ... 25

1 Tilgangur verkefnis og starfshópur

1.1 Almennt

Þann 14. desember 2023 samþykkti borgarráð samning (hér eftir verður vísað til „samningsins“ eða „samnings frá 2023“) vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á Hlíðarenda. Samningurinn er á milli Knattspyrnufélagsins Vals (hér eftir verður vísað til „Vals“ eða „félagsins“) og Reykjavíkurborgar. Hlíðarendi ses. er einnig hluti af þeim samningi en er ekki hluti af þessu verkefni.

Í 12. gr. samningsins kemur fram að Reykjavíkurborg og Valur séu sammála um að samhliða undirritun samningsins skuli stofna starfshóp sem hafi það hlutverk að endurskoða eignarhald íþróttamannvirkja á Hlíðarenda, sem ekki eru þegar í eigu Reykjavíkurborgar, sem og þeirra lóða sem þau standa á, með það að markmiði að Reykjavíkurborg taki yfir rekstur þeirra frá og með *1. janúar 2025*. Markmið endurskoðunarinnar er að undirbúa yfirfærslu reksturs og eignarhalds mannvirkjanna til Reykjavíkurborgar frá og með 1. janúar 2025.

Valur er eitt stærsta og elsta íþróttafélag landsins og hefur í áratugi gegnt lykilhlutverki í uppeldi, hreyfingu og félagslegri þátttöku barna og ungmenna í Reykjavík. Starfsemi félagsins á Hlíðarenda hefur víðtæk samfélagsleg áhrif og þjónar íbúum úr mörgum hverfum borgarinnar.

Fjöldi barna og ungmenna, yngri en 18 ára, sem iðka íþróttir í húsinu, er um 1450. Samtals eru börn og unglingar um **94.5%** af iðkendum Vals og gert er ráð fyrir töluverðri aukningu á næstu árum samhliða uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á Hlíðarenda og víðar á félagssvæði Vals þar sem gert er ráð fyrir að iðkendum fjölgi um 50 með hverjum 1000 nýjum íbúum í Valshverfinu og nærhverfum.

		2024	2030	2040	2050
Fjölgun iðkenda	50		350	500	500
Fjölgun iðkenda %			24.0%	27.7%	21.7%
Iðkendur		**1,458**	**1,808**	**2,308**	**2,808**
Fótbolti		754	929	1,179	1,429
Handbolti		350	437	562	687
Körfubolti		354	441	566	691

Eignayfirfærsla íþróttahúsa við Hlíðarenda frá Knattspyrnufélaginu Val til Reykjavíkurborgar er til samræmis við stefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt var á fundi borgarstjórnar 21. apríl 2020[1] í íþróttamálum.

Með því að færa eignarhald mannvirkja til Reykjavíkurborgar er tryggt að aðstaðan verði áfram rekin með hagsmuni almennings að leiðarljósi, á grundvelli jafnræðis, fagmennsku og opinberrar ábyrgðar.

Eignayfirfærslan er fallin til þess að styrkja samvinnu félagsins og Reykjavíkurborgar. Félagið heldur áfram að nýta mannvirkin samkvæmt samningi og sinnir áfram kjarnastarfsemi sinni, íþróttum, félagslífi og uppeldisstarfi, en Reykjavíkurborg tekur að sér formlegt eignarhald, viðhald og langtímarekstur mannvirkisins.

Slík ábyrgðarskipting tryggir að fjárfestingar, viðhald og endurnýjun séu unnin með skipulegum hætti og að mannvirki falli inn í heildarsýn borgarinnar um íþróttamannvirki og samfélagslega þjónustu.

Eignayfirfærslan fellur jafnframt að fjárhagsstefnu Reykjavíkurborgar, þar sem lögð er áhersla á skilvirkni, gagnsæi og ábyrga stjórnun opinberra eigna. Með því að sameina rekstur mannvirkisins

[1] https://reykjavik.is/sites/default/files/stefna_i_ithrottamalum_reykjavikur_til_2030_prent.pdf

öðrum íþróttamannvirkjum borgarinnar verður auðveldara að forgangsraða fjárfestingum og tryggja jafnræði milli hverfa hvað varðar aðstöðu og þjónustu.

Tillögur þessar byggja á samningsmarkmiðum Reykjavíkurborgar vegna yfirfærslu eignarhalds á mannvirkjum hverfisíþróttafélaga til Reykjavíkurborgar (hér eftir vísað til samningsmarkmiðanna) sem samþykkt voru í borgarráði 26. mars 2026, sbr. *viðauki 13*. Aðilar eru sammála um að framangreint skuli liggja til grundvallar nánari útfærslu samkomulags ásamt viðaukum.

Áætlaður beinn fjárhagslegur ávinningur Reykjavíkurborgar af uppbyggingu Vals á Hlíðarendareit vegna gatnagerða- og fasteignagjalda næstu 30 árin er metinn á um 10 - 12 milljarða, sjá útreikning í *Viðauka 12*.

Þá hefur Valur lýst yfir vilja sínum til að staðsetja ungbarnaleikskóla/hreyfileikskóla á Hlíðarendasvæðinu í samstarfi við Reykjavíkurborg.

1.2 Um starfshópinn

Starfshópur um endurskoðun á eignarhaldi íþróttamannvirkja að Hlíðarenda var skipaður af borgarstjóra með erindisbréfi þann 16. febrúar 2024. *Erindisbréfið er í Viðauka 1*.

Starfshópurinn hittist fyrst 7. mars, 2024 og eftir þörfum eftir það þar sem lagt var upp með nálgun á verkefnið og öflun gagna. Einstaka fundir féllu niður þegar beðið var eftir gögnum sem aflað var frá ráðgjöfum. Þá var fundað með ráðgjöfum Reykjavíkurborgar, s.s. vegna fjárhagsáætlunar.

Tafir urðu á verkefninu m.a. vegna þess að umfang þess reyndist meira en upphaflega var gert ráð fyrir, gagnaöflun var tímafrek og breytingar urðu á nálgun verkefnisins á starfstímanum.

Starfshópinn skipa:

- Helena Rós Sigmarsdóttir, skrifstofa eignastýringar. Formaður,
- Steinþór Einarsson, menningar- og íþróttasvið,
- Grímur Sæmundsen, Knattspyrnufélagið Valur,
- Hörður Gunnarsson, Knattspyrnufélagið Valur.

Starfsmaður starfshópsins:

- Auður Inga Ingvarsdóttir, skrifstofa eignastýringar.

Helstu ráðgjafar hópsins:

- Jöfur, sem vann verðmat fyrir Reykjavíkurborg,
- Miklaborg, sem vann verðmat fyrir Val,
- Verkís sem sá um úttekt á mannvirkjum og vann kostnaðaráætlun viðhaldsáætlunar.

Stefnt var að því, skv. erindisbréfi, að hópurinn skilaði kostnaðarmetnum tillögum fyrir 31. október 2024. Vegna breytinga á umfangi verkefnisins hafa skil á niðurstöðum hópsins tafist fram í apríl 2026.

2 Helstu niðurstöður

Eignir sem áætlað er að flytjist til Reykjavíkurborgar strax:

- Íþróttahús (gamla og nýja),
- Gervigrasvöllur austan Arnarhlíðar,
- Gervigrasvöllur vestan Arnarhlíðar,

Kaupsamningur um íþróttahúsin, nýja og gamla, verði undirritaður fyrir 31. desember 2026. Samhliða tekur Reykjavíkurborg yfir rekstur mannvirkjanna.

Samhliða eignayfirfærslunni verður gerður samningur við Val um rekstur þeirra mannvirkja sem færast til eignar Reykjavíkurborgar. Fyrirkomulag samningsins verður í samræmi við sambærilega samninga Reykjavíkurborgar við önnur hverfisíþróttafélög.

Lagt er til að Reykjavíkurborg greiði Val **22.993.210 kr.** fyrir íþróttahúsin, nýja og gamla. Sjá útreikning í kafla 5 og *Viðauka 15*.

Reykjavíkurborg skal annast viðhaldsstjórnun í samræmi við niðurstöður úttektarskýrslu sem unnin var af Verkís í tengslum við tillögur þessar, sem taki gildi þegar undirritun samkomulags þess efnis liggur fyrir. Heildar viðhaldskostnaður til ársins 2056 er samkvæmt skýrslunni **3.058.366.000 kr.**

Valur skal bera bótaábyrgð vegna tjóns á iðkendum, starfsfólki og öðrum gestum sem rekja má til ástands íþróttagólfs í aðalsal og er afleiðing uppsafnaðrar viðhaldsþarfar við afhendingu eignanna til Reykjavíkurborgar. Ábyrgð þessi gildir þar til framkvæmdum samkvæmt úttektarskýrslu er lokið, þó ekki lengur en í þrjú ár frá afhendingu eigna.

Verði dráttur á framkvæmdum við lagfæringu gólfsins sem rekja má til Reykjavíkurborgar, fellur bótaábyrgð Vals niður að því leyti sem tjón verður rakið til slíks dráttar.

Starfshópurinn telur að ekki séu forsendur til að gera tillögu að eignarhaldi fjölnotahússins að svo stöddu.

3 Nálgun á verkefnið

Starfshópurinn byrjaði á að greina hvaða mannvirki óskað væri eftir að Reykjavíkurborg yfirtæki og hvaða mannvirki Valur óskaði eftir að halda áfram í sinni eigu.

3.1 Flokkun mannvirkja

3.1.1 Fasteignir (nú þegar byggðar) í eigu Valsmanna sem áætlað er að færist yfir til Reykjavíkurborgar

a. Íþróttahús 7559,9 m^2, **F2028970**, nýja (6.629,9 m^2) og gamla (930 m^2). Merking 010101
    i. Húsmat fyrir árið 2026 er 1.829.400.000 kr. samkvæmt Þjóðskrá.
b. Gervigrasvöllur austan Arnarhlíðar, afhentur Reykjavíkurborg án endurgjalds.
c. Gervigrasvöllur vestan Arnarhlíðar, samkvæmt samningi frá 2023.

Áhorfendastúka utanhúss, tengd knattspyrnuvelli, er hluti af íþróttahúsinu og fellur hún undir eignayfirfærsluna og mun verða eign Reykjavíkurborgar.

3.1.2 Mannvirki sem falla utan við verkefnið og verða áfram í eigu Vals

b. Fjósið,
c. Íbúðarhús, matshluti 010118
d. Kapella, matshluti 060101.

3.1.3 Mannvirki og lóðir sem Reykjavíkurborg á nú þegar

a. Lóðin Hlíðarendi 6-10, sbr. lóðarleigusamningur dags. 14. júlí 2005 með síðari lóðarmarkabreytingum,
b. Lóðin Hlíðarendi 8, sbr. sami lóðarleigusamningur,
c. Keppnisvöllur staðsettur við íþróttahúsin (aðalvöllur).

3.2 Verðmat og úttekt á mannvirkjum

Til að meta virði mannvirkjanna var ákveðið að hvor aðili fengi óháða matsmenn til verksins. Niðurstöður verðmata lágu fyrir í júní 2024, sjá 4. kafla.

Þá var ákveðið að óska eftir því að óháðir fagaðilar tækju út mannvirkin til að hópurinn gæti áttað sig á ástandi mannvirkjanna og umfangi viðhaldskostnaðar.

Verkís skilaði ítarlegri skýrslu í mars 2025. Í úttektinni kemur m.a. fram að fráveitu-, neysluvatns- og hitalagnir séu upprunalegar og að þörf væri á ítarlegri úttekt á lagnakerfum auk áætlaðs kostnaðar vegna umsjónar og eftirlits með þeim aðgerðum sem þarf að sinna án tafar og næstu 3-5 árin. Því var óskað eftir því að Verkís gerði ítarlegri úttekt á ástandi lagna. Uppfærð skýrsla var tilbúin í september 2025 og er lögð til grundvallar tillögum hópsins.

Skýrslan inniheldur endurnýjunar- og viðhaldskostnað á ári næstu 30 árin auk aðgerða sem þarf að framkvæma án tafar af öryggisástæðum.

Tillögur hópsins miðast við að gerður verði sérstakur kaupsamningur og afsal um íþróttahúsin og gervigrasvellina, sjá *Viðauka 9*.

4 Óháð verðmöt matsmanna

Reykjavíkurborg fékk Jöfur ehf. til að verðmeta þær eignir sem koma til skoðunar dags. 18. júní 2024. Niðurstöður matsins eru skv. eftirfarandi:

Sundurliðun verðmats	
Íþróttahús	2.255.769.231 kr.
Æfingavöllur	265.384.615 kr.
Æfingavöllur nýr völlur	265.384.615 kr.
Samtals:	**2.786.538.461 kr.**

Valur fékk Mikluborg ehf. til að verðmeta þær eignir sem koma til skoðunar dags. 9. júní 2024, sem er skv. eftirfarandi:

Sundurliðun verðmats	
Íþróttahús / félagsheimili, Valsvöllur, endurbyggður völlur, leikvangur	4.000.000.000 kr.
Samtals:	**4.000.000.000 kr.**

Þar sem gert er ráð fyrir að Reykjavíkurborg endurgreiði Val gervigrasvöllinn vestan Arnarhlíðar samkvæmt samningi frá 2023 er talið rétt að undanskilja völlinn úr verðmötum.

Eftir standa þá verðmöt skv. eftirfarandi og er miðað við verðmat Jöfurs á vellinum, 265.384.615 kr., sem kemur til frádráttar:

Sundurliðun verðmats Jöfur	
Íþróttahús	2.255.769.231 kr.
Æfingavöllur	265.384.615 kr.
Samtals:	**2.521.153.846 kr.**

Sundurliðun verðmats Miklaborg	
Íþróttahús / félagsheimili, Valsvöllur, endurbyggður völlur, leikvangur	4.000.000.000 kr.
Samtals:	**3.734.615.385 kr.**

Meðaltal verðmata er **3.127.884.616 kr.**

Byggingarvísitala júnímánaðar 2024 var 120,2 stig.

Byggingarvísitala marsmánaðar 2026 er 128,7 stig.

Uppreiknað meðaltal verðmata er því **3.349.074.459 kr.**

5 Endurgjald fyrir mannvirkin

Húsmat á íþróttahúsinu í heild er 1.869.100.000 en húsið er samtals 7559.9 m^2.

Úr fasteignaskrá:

Dags	Matseining	Merking	Notkun	Bstig	Mstig	Flatarmál	Fasteignamat	Húsmat	Lóðamat	Brunabótamat
18.12.2025	2028969	010101	Íþróttahús	B4	7	7559,9m²	2.281.800	1.829.400	452.400	3.232.100

Í 5. gr. samningsmarkmiðanna kemur fram að ekki skuli koma fyrir fjárhagslegt endurgjald við eignayfirfærsluna. Heimilt er að gera undantekningu frá því ef hverfisíþróttafélag hefur fjármagnað mannvirkin sín að fullu sjálf. Í slíkum undantekningartilvikum skal miða við óháð verðmat á mannvirkjum og skal greiðsla ekki vera hærri en sem nemur 50% af verðmati að frádregnum kostnaði vegna áætlaðrar viðhaldsþarfar en þó að hámarki 10% af húsmati.

Lagt er til að greitt sé fyrir eldra húsið, en ekki er ágreiningur um að Valur fjármagnaði eldra íþróttahúsið að fullu með eigin fé.

Meðaltal verðmata er 3.349.074.459 kr. uppreiknað m.v. vísitölu. Heildarkostnaður samkvæmt úttektarskýrslu er 3.058.366.000 kr. Mismunurinn er 290.708.459 kr. Samkvæmt ákvæði 5. gr. er heimilt að greiða 50% af mismuni sem er þá 145.354.230 kr.

Heildar kostnaður skv. úttektarskýrslu	**Meðaltal verðmata**	**Mismunur**	**50%**
3.058.366.000 kr	3.349.074.459 kr	290.708.459 kr	145.354.230 kr

Kemur þá til skoðunar húsmat eldra hússins en þak á greiðslu samkvæmt ákvæðinu er 10% af húsmati.

Þar sem eldra og nýja húsið er skráð á sama matshluta er stuðst við skráningartöflu sem var yfirfarin og samþykkt þann 5. apríl 2022, sjá viðauka 14.

Samkvæmt skráningatöflu eru heildar fermetrar eldra hússins samtals 930 m^2 sem skiptast í hluta 0101 sem er 533 m^2 íþróttasalur, hluta 0102 sem er 198,5 m^2 búningsklefar/aðstaða og hluti 0201 sem er 198,5 m^2 skrifstofur.

Hlutur Vals í húsinu er því 930 m^2 af 7559,9 m^2 sem gerir 12,3%.

Útreikningur kaupverðs samkvæmt 5. gr. samningsmarkmiðanna er fundið samkvæmt eftirfarandi:

Matshl.	Mannvirki	m2	Hlutdeild	Húsmat
F2028970	Öll mannvirki - Heild	8286,4	100%	2.032.400.000 kr
060101 og 010118	Önnur hús, kirkja og íbúðarberb., sem hlutfall af heild.	726,5	8,77%	178.188.188 kr
10101	Íþróttahús nýja og eldra, sem hlutfall af heild	7559,9	91,23%	1.869.100.000 kr
	Eldri hluti íþróttahúss sem hlutfall af matshluta 010101.	930	12,30%	229.932.009,68 kr
	Greitt 10% af húsmati		10,00%	**22.993.201 kr**

Til viðbótar við kaupverð greiðir Reykjavíkurborg allan kostnað af gerð úttektarskýrslu og stimpil- og þinglýsingargjöld.

Þá má gera ráð fyrir viðbótarkostnaði t.d. vegna utanumhalds, umsjónar og eftirlits með framkvæmdum.

6 Tillögur starfshóps að samkomulagi

6.1 Eignayfirfærsla íþróttahúsa og tveggja gervigrasvalla

Gerð er tillaga að því að Knattspyrnufélagið Valur afsali íþróttahúsi, nýja og gamla, ásamt tveimur gervigrasvöllum, til Reykjavíkurborgar þegar samþykkt borgarráðs liggur fyrir, sbr. Viðauki 11.

Reykjavíkurborg mun greiða Val **22.993.201 kr.** fyrir íþróttahúsin, nýja og eldra.

6.1.1 Eftirfylgni með viðhaldi

Reykjavíkurborg skal annast viðhaldsstjórnun í samræmi við niðurstöður úttektarskýrslu sem unnin var af Verkís í tengslum við tillögur þessar, sem taki gildi þegar undirritun samkomulags þessa liggur fyrir.

Lagt er til að báðir aðilar tilnefni einn fulltrúa sem kemur fram fyrir þeirra hönd og meti, þegar við á, hvort þær framkvæmdir og viðhald sem lagt er til í viðhaldsáætlun teljist brýnar eða hvort tilefni er til að færa framkvæmdir á milli ára. Viðhaldsáætlunin skal í kjölfarið endurmetin og aðlöguð í samræmi við raunverulega þörf. Komi upp ágreiningur skal óháður aðili skera úr um þörfina.

6.1.2 Skipt bótaábyrgð vegna uppsafnarar viðhaldsþarfar

Valur skal bera bótaábyrgð vegna tjóns á iðkendum, starfsfólki og öðrum gestum sem rekja má til ástands íþróttagólfs í aðalsal og er afleiðing uppsafnaðrar viðhaldsþarfar við afhendingu eignanna til Reykjavíkurborgar. Ábyrgð þessi gildir þar til framkvæmdum samkvæmt úttektarskýrslu er lokið, þó ekki lengur en í þrjú ár frá afhendingu eigna.

Verði dráttur á framkvæmdum við lagfæringu gólfsins sem rekja má til Reykjavíkurborgar, fellur bótaábyrgð Vals niður að því leyti sem tjón verður rakið til slíks dráttar.

Valur skal hafa gilda ábyrgðatryggingu á ábyrgðartímanum.

6.1.3 Kaup- og forkaupsréttur Vals

Valur mun hafa kaup- og forkaupsrétt að eignunum sem falla undir eignayfirfærslu þessa. Skal sá réttur vera virkur í 30 ár frá undirritun kaupsamnings um íþróttahúsin.

Ákveði Valur að nýta forkaupsréttinn skal kaupverð metið á grundvelli þeirra framkvæmda sem Reykjavíkurborg hefur borið kostnað af auk annars kostnaðar sem fallið hefur á Reykjavíkurborg í tengslum við eignayfirfærsluna. Skal kaupverð uppreiknað og þá miðað við byggingarvísitölu dags sem kaupsamningur er undirritaður eða við tímamark framkvæmda.

Valur hefur forleigurétt að húsunum að þeim tíma liðnum.

6.1.4 Stofnun lóða undir mannvirki

Stofnaðar verða nýjar lóðir undir mannvirki Vals á Hlíðarenda.

6.2 Fjölnota íþróttahús

Starfshópurinn leggur til að stofnaður verði sérstakur starfshópur sem fjalli sérstaklega um eignayfirfærslu á fjölnotahúsinu.

7 Annað

Umfjöllun um hvort fullnaðaruppgjör á milli Reykjavíkurborgar og Vals hafi farið fram falla utan við umfjöllun starfshópsins. Því er aðeins fjallað um hvaða áhrif eignayfirfærslan hefur á Reykjavíkurborg.

Aðilar hafa kynnt sér samningsmarkmið Reykjavíkurborgar sem samþykkt voru í borgarráði þann 26.03.2026 og skoðast þau sem hluti af samkomulagi þessu.

Samkomulagið er með fyrirvara um samþykkta fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar hverju sinni.

Komi upp ágreiningur vegna samnings þessa skulu fulltrúar aðila leitast við að leysa hann í sátt.

Náist slíkt samkomulag ekki er hvorum aðila um sig heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla og skal málið þá rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samkomulag þetta er háð samþykki borgarráðs á fundi dd.mm.2026 og samþykki aðalfundar Knattspyrnufélagsins Vals í maí 2026.

Reykjavík, dags. [ ] 2026

F.h. Reykjavíkurborgar F.h. Knattspyrnufélagsins Vals

8 Viðaukar:

1. Erindisbréf
2. Verðmöt Jöfurs og Mikluborgar
3. Ástandsskýrsla Verkís
4. Fasteignayfirlit
5. Veðbandayfirlit
6. Samningur um rekstur íþróttamannvirkja á milli Vals og Reykjavíkurborgar – Drög
7. Samkomulag á milli Knattspyrnufélagsins Vals, Hlíðarenda ses. og Reykjavíkurborgar sem samþykktur var í borgarráði 14. desember 2023.
8. Yfirlitsmynd af Hlíðarenda og þeim mannvirkjum sem færast til Reykjavíkurborgar
9. Drög að kaupsamningi og afsali íþróttahúsa og gervigrasvalla
10. Lóðarleigusamningur ásamt viðaukum
11. Samningur um eignayfirfærslu á íþróttahúsi – Drög
12. Ávinningur Reykjavíkurborgar
13. Samningsmarkmið Reykjavíkurborgar vegna yfirfærslu eignarhalds á mannvirkjum hverfisíþróttafélaga til Reykjavíkurborgar
14. Skráningartafla íþróttamannvirkja, dags. í apríl 2022
15. Útreikningur kaupverðs

Allir viðaukar eru skjalaðir í skjalavistunarkerfi Reykjavíkurborgar.

8.1.1 Viðauki 1 - Erindisbréf

MSS24010136

ERINDISBRÉF
Starfshópur um eignarhald íþróttamannvirkja á starfssvæði Knattspyrnufélagsins Vals á Hlíðarenda

Ábyrgðaraðili:
Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:
Borgarráð samþykkti 14. desember 2023 samkomulag á milli Knattspyrnufélagsins Vals, Hlíðarenda ses. og Reykjavíkurborgar. Í 12. gr. samkomulagsins segir að Reykjavíkurborg og Knattspyrnufélagið Valur eru sammála um að samhliða undirritun þessa samnings verði settur af stað starfshópur sem vinni við endurskoðun á eignarhaldi íþróttamannvirkja að Hlíðarenda, sem ekki eru þegar í eigu Reykjavíkurborgar, og þeirra lóða sem þau standa á með það að markmiði að Reykjavíkurborg taki yfir rekstur þeirra frá og með 1. janúar 2025. Starfshópinn skipi tveir fulltrúar frá hvorum aðila þ.e. frá Reykjavíkurborg og Knattspyrnufélaginu Val.

Helstu verkefni:
- Endurskoðun á eignarhaldi íþróttamannvirkja að Hlíðarenda, sem ekki eru þegar í eigu Reykjavíkurborgar, og þeirra lóða sem þau standa á með það að markmiði að Reykjavíkurborg og Knattspyrnufélagið geri samkomulag um rekstur þeirra frá og með 1. janúar 2025.
- Einnig verði verði tekið á eignarhaldi hins nýja fjölnota íþróttahúss sbr. 7. gr., þannig að eignarhald þessi verði í framtíðinni með sama hætti og verði með önnur íþróttamannvirki á Hlíðarenda. Sérstakur samningur verði gerður milli Knattspyrnufélagsins Vals og Reykjavíkurborgar um fjölnotahúsið.

Starfshópinn skipa:
Helena Rós Sigmarsdóttir, formaður, fjármála- og áhættustýringarsvið
Steinþór Einarsson, menningar- og íþróttasvið
Grímur Sæmundsen, Knattspyrnufélagið Valur.
Hörður Gunnarsson, Knattspyrnufélagið Valur.

Starfsmaður starfshópsins:
Sonja Wiium, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Til ráðgjafar og samstarfs:
Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Reykjavík

8.1.2 Viðauki 2 – Verðmöt Jöfur og Mikluborgar

Verðmat Mikluborgar

Verðmat Jöfurs

8.1.3 Viðauki 3 – Ástandsskýrsla dags í mars 2025 og uppfærð ástandsskýrsla dags. í september 2025, unnin af Verkís

8.1.4 Viðauki 4 - Fasteignayfirlit fasteigna dagsett í október 2025

8.1.5 Viðauki 5 - Veðbandayfirlit fasteigna dagsett í október 2025

8.1.6 Viðauki 6 - Drög að þjónustusamningi um rekstur mannvirkja á milli Reykjavíkurborgar og Knattspyrnufélagsins Vals

8.1.7 Viðauki 7 - Samningur vegna uppbyggingar á reit A og J dags. 11. desember 2023

8.1.8 Viðauki 8 - Yfirlitsmynd af Hlíðarenda og þeim mannvirkjum sem færast til Reykjavíkurborgar. Án kvarða.



A = Íþróttahús gamla og nýja

B = Gervigrasvöllur austan Arnarhlíðar

C = Gervigrasvöllur vestan Arnarhlíðar

8.1.9 Viðauki 9 – Drög að kaupsamningi fyrir íþróttahús og afsali af gervigrasvöllum

8.1.10 Viðauki 10 – Lóðarleigusamningur um Hlíðarenda 6-10 frá árinu 2005 ásamt síðari lóðarmarkabreytingum

8.1.11 Viðauki 11 – Drög að samningi um eignayfirfærslu íþróttahúsa

8.1.12 Viðauki 12 – Ávinningur Reykjavíkurborgar, útreikningur

8.1.13 Viðauki 13 – Samningsmarkmið Reykjavíkurborgar vegna yfirfærslu eignarhalds á mannvirkjum hverfisíþróttafélaga til Reykjavíkurborgar.

Samþykkt á fundi borgarráðs 23. mars 2026

1. Samningsmarkmið þessi eiga einungis við eignayfirfærslu á mannvirkjum hverfaíþróttafélaga í Reykjavík sem jafnframt eru fjölgreinafélög.
2. Beiðni um að Reykjavíkurborg gangi til viðræðna um yfirtöku mannvirkja skal koma frá viðkomandi hverfisíþróttafélagi.
3. Eignayfirfærsla skal einungis taka til íþróttamannvirkja sem nýtast almannahagsmunum, s.s. íþróttahús, og félags- og áhorfendaaðstaða. Önnur mannvirki falla utan við samningsmarkmið þessi.
4. Reykjavíkurborg skal vinna kostnaðarmetna úttektarskýrslu og áætlun um viðhaldsþörf fyrir næstu 30 árin fyrir þau mannvirki sem falla undir eignaryfirfærsluna.
5. Ekki skal koma fyrir fjárhagslegt endurgjald við eignayfirfærsluna. Heimilt er að gera undantekningu frá því ef hverfisíþróttafélag hefur fjármagnað mannvirkin sín að fullu sjálf. Í slíkum undantekningartilvikum skal miða við óháð verðmat á mannvirkjum og skal greiðsla ekki vera hærri en sem nemur 50% af verðmati að frádregnum kostnaði vegna áætlaðrar viðhaldsþarfar en þó að hámarki 10% af húsmati.
6. Hverfisíþróttafélag skal bera bótaábyrgð vegna tjóns á iðkendum, starfsfólki og öðrum gestum sem kann að skapast og er afleiðing af uppsafnaðri viðhaldsþörf yfirtekinna mannvirkja, í þrjú ár frá afhendingu eigna.
7. Tryggt skal að engar veðsetningar, ábyrgðir eða aðrar skuldbindingar fylgi mannvirkjum við eignayfirfærslu til Reykjavíkurborgar.
8. Reykjavíkurborg skal annast viðhaldsstjórnun í samræmi við niðurstöður úttektarskýrslu.
9. Samkomulag um eignayfirfærslu er háð samþykki borgarráðs.
10. Þegar samkomulag um eignayfirfærslu hefur verið samþykkt í borgarráði skal hverfisíþróttafélag gefa út afsal til Reykjavíkurborgar.
11. Reykjavíkurborg skal bera kostnað sem hlýst af þinglýsingu réttinda vegna eignayfirfærslunnar.

8.1.14 Viðauki 14 – Skráningartafla dags. apríl 2022

8.1.15 Útreikningur kaupverðs

Matshl.	Mannvirki	m2	Hlutdeild	Húsmat
Allt	Öll mannvirki	8286,4		2.032.400.000 kr
10101	Íþróttahús eldra og yngra	7559,9	91,23%	1.869.100.000 kr
060101 og 010118	Önnur hús, kirkja og íbúðarberb.	726,5	8,77%	178.188.188 kr
	Eldri hluti íþróttahúss	930	12,30%	229.932.009,68 kr
	Þak á húsmat		10,00%	**22.993.201 kr**

MSS24010136

ERINDISBRÉF
Starfshópur um eignarhald íþróttamannvirkja á starfssvæði Knattspyrnufélagsins Vals á Hlíðarenda

Ábyrgðaraðili:
Borgarstjórinn í Reykjavík

Inngangur:
Borgarráð samþykkti 14. desember 2023 samkomulag á milli Knattspyrnufélagsins Vals, Hlíðarenda ses. og Reykjavíkurborgar. Í 12. gr. samkomulagsins segir að Reykjavíkurborg og Knattspyrnufélagið Valur eru sammála um að samhliða undirritun þessa samnings verði settur af stað starfshópur sem vinni við endurskoðun á eignarhaldi íþróttamannvirkja að Hlíðarenda, sem ekki eru þegar í eigu Reykjavíkurborgar, og þeirra lóða sem þau standa á með það að markmiði að Reykjavíkurborg taki yfir rekstur þeirra frá og með 1. janúar 2025. Starfshópinn skipi tveir fulltrúar frá hvorum aðila þ.e. frá Reykjavíkurborg og Knattspyrnufélaginu Val.

Helstu verkefni:
- Endurskoðun á eignarhaldi íþróttamannvirkja að Hlíðarenda, sem ekki eru þegar í eigu Reykjavíkurborgar, og þeirra lóða sem þau standa á með það að markmiði að Reykjavíkurborg og Knattspyrnufélagið geri samkomulag um rekstur þeirra frá og með 1. janúar 2025.
- Einnig verði verði tekið á eignarhaldi hins nýja fjölnota íþróttahúss sbr. 7. gr., þannig að eignarhald þessi verði í framtíðinni með sama hætti og verði með önnur íþróttamannvirki á Hlíðarenda. Sérstakur samningur verði gerður milli Knattspyrnufélagsins Vals og Reykjavíkurborgar um fjölnotahúsið.

Starfshópinn skipa:
Helena Rós Sigmarsdóttir, formaður, fjármála- og áhættustýringarsvið
Steinþór Einarsson, menningar- og íþróttasvið
Grímur Sæmundsen, Knattspyrnufélagið Valur.
Hörður Gunnarsson, Knattspyrnufélagið Valur.

Starfsmaður starfshópsins:
Sonja Wiium, skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Til ráðgjafar og samstarfs:
Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Reykjavík

Starfstímabil og skil:
Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir 31. okt. 2024.

Reykjavík, 16. febrúar 2024

Einar Þorsteinsson

Hjálagt:
Samningur vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á Hlíðarenda

Reykjavík

Verðmat fyrir Reykjavíkurborg

Hlíðarendi 6-10, 14

102 Reykjavík

Verðmat þetta var unnið í maí-júní 2024 af Magnúsi Kristinssyni og Ólafi Jóhannssyni löggiltum fasteignasölum hjá Jöfri fasteignasölu

JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI

Um fasteignasöluna Jöfur ehf.

Jöfur ehf. sérhæfir sig í miðlun atvinnuhúsnæðis hvort heldur til sölu eða leigu.

Hjá Jöfri starfa eftirtaldir aðilar:

Magnús Kristinsson, verkfræðingur, löggiltur leigumiðlari, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur í gerð eignaskiptayfirlýsinga; 534-1025 / 861-0511, magnus@jofur.is

Bergsveinn Ólafsson, rekstrarfræðingur, löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali; 534-1028 / 863-5868, bergsveinn@jofur.is

Ólafur Jóhannsson, rekstrarfræðingur, löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumiðlari og löggiltur í gerð eignaskiptayfirlýsinga; 534-1023 / 824-6703, olafur@jofur.is

Helgi Már Karlsson, löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumiðlari; 534-1024 / 897-7086, hmk@jofur.is

Skrifstofa Jöfurs ehf. er að Suðurlandsbraut 4a, 108 Reykjavík.

Almennt:

Meðfylgjandi verðmat er unnið af Magnúsi Kristinssyni og Ólafi Jóhannssyni löggiltum fasteignasölum hjá fasteignasölunni Jöfri ehf. , í samræmi við matsbeiðni sem send var í tölvupósti þann 6. maí 2024, í þeim tilgangi að leggja sjálfstætt mat á söluverðmæti stærstum hluta fasteigna á svæði íþróttafélagsins Vals, Hlíðarenda 6A, 6-10 og 14 – 102 Reykjavík, miðað við markaðsforsendur í dag.

Hið metna eru byggingar og íþróttavellir sem skráðir eru hjá Fasteignaskrá ríkisins, undir fastanúmeri F2028970. Þó eru nokkur hús sem ekki falla undir verðmatið, en eru samt skráð undir sama fastanúmeri. Einnig nær verðmat þetta til um helmings hluta lóðar Hlíðarenda 14, F2327923. Nánar má sjá í eftirfarandi töflu hvaða hlutar falla undir verðmatið:

Staður	Fastanúmer	Merking	Lýsing	Bygg.ár	Birt stærð	Fasteignamat	Lóðarmat	Brunabótamat
Hlíðarendi 6-10	F2028970	01 0101	Skrifstofa	1905	76,1	15.950.000		33.550.000
Hlíðarendi 6-10	F2028970	02 0101	Íþróttahús	1955	7326	1.610.350.000	471.050.000	2.109.750.000
Hlíðarendi 14	F2327923		50% lóðar				149.575.000	
			Samtals:		**7402,1**	**1.626.300.000**	**620.625.000**	**2.143.300.000**
Undanskilið í verðmati þessu:								
Hlíðarendi 14	F2327923		50% lóðar				149.575.000	
Hlíðarendi 6-10	F2028970	03 0101	Félagsheimili	1918	130	15.450.000		71.100.000
Hlíðarendi 6-10	F2028970	06 0101	Kirkja	1991	150	55.200.000		101.500.000
Hlíðarendi 6A	F2366185	01 0101	Spennistöð	2018	27,7	13.100.000	2.450.000	11.050.000

Tafla 1: Skráðar stærðir hins metna, skv. fasteignaskrá.

Við verðmatsvinnuna var eigninni skipt í fjóra þætti:

1. Íþróttahús
2. Keppnisvöllur (við íþróttahús)
3. Æfingavöllur (Friðriksvöllur)
4. Æfingavöllur (nýr völlur)

Verðmatið er unnið með þeim hætti að matsmenn meta áætlað leiguverð á hverjum ofangreindum þætti. Metinn eru helstu gjöld sem falla á eiganda eignanna og reiknaðar tekjur miðað við áætlað leiguverð. Endanlegt matsverð er svo áætlað með hliðsjón af áætlaðri afkomu eignarinnar fyrir eigandann, ef eignin væri í útleigu.

Verðmatið byggir á þeim grundvelli að um væri að ræða eignir til sölumeðferðar hjá Jöfri ehf. og nær fyrst og fremst til hugsanlegs söluverðs hins metna miðað við markaðsaðstæður eins og þær eru í dag, verðs sambærilegra eigna og að góður tími gefist til sölumeðferðar. Við ákvörðun verðmatsins er litið til ástands, stærðar, staðsetningar og söluhorfa á hinum metnu eignum.

Skoðun fasteigna:

Hinar metnu eignir voru skoðaðar þann 17. maí 2024. Viðstaddur skoðun var Theódór Hjalti Valsson fyrir hönd íþróttafélagsins Vals og gekk hann með matsmönnum um eignirnar og veitti upplýsingar.

Skráning eignar hjá fasteignaskrá:

Í fylgiskjölum við verðmat þetta eru skráningar fasteignaskrár sem matsmenn skoðuðu.

Hlíðarendi 14 með fastanúmer F2327923, ca. helmingur lóðarinnar þar sem verið er að setja upp æfingavöll.

Hlíðarendi 6-10 með fastanúmer F2028970, 7.326,0 m², fasteignamat 1.696.950.000 kr., brunabótamat 2.309.800.000 kr.

Skv. verðmatsbeiðni skulu Fjósið og gamla íbúðarhúsið og Friðrikskapella undanskilin í verðmatinu. Í töflu 1 hér að framan má sjá samantekt þar sem fram koma stærðir, fasteignamat og brunabótamat sem stuðst er við í verðmatinu, 7.402,1 m², fasteignamat 1.626.300.000 kr. og brunabótamat 2.143.300.000 kr.

Einnig er á lóðinn skráð fasteign, Hlíðarendi 6A, spennistöð, F2366185, en ekki er tekið tillit til þeirrar fasteignar í verðmati þessu.

Lýsing húsnæðis:

1. *Íþróttahús*

Íþróttahúsið er byggt í nokkrum áföngum, allt frá 1955. Í megin atriðum skiptist húsið upp í tvö íþróttahús (eldra minna án áhorfendaaðstöðu og nýrra stærra með áhorfendaaðstöðu, kallað Origohöllin) búningsaðstöðu sem þeim tengjast, áhorfendastúkur fyrir keppnisvelli inni og úti, skrifstofur, eldhús, veitingaaðstaða, veislusalir og í kjallara eru rými fyrir geymslur og líkamsræktaraðstöðu.

Íþróttasalur Vals - Origohöllin er 2050 fm. að stærð. Hann er hannaður þannig að með einföldum hætti er hægt að breyta salnum úr íþróttasal í veislu-, fundar eða tónleikasal.

Sérhönnuð tjöld eru dregin út á brautum meðfram veggjum og teppaflísar eru lagðar á gólfið.

Í salnum er hægt að halda 3400 manna tónleika, 2200 manna sitjandi fundi, 1456 manns veislur með langborðum og 1.050 manna veislur með hringborðum.

Minni veislusalir eru sveigjanlegir í stærð og uppsetningu og geta tekið allt frá 40 til 800 gesti í sæti.

2. *Keppnisvöllur*

Rétt við íþróttahúsið, knattspyrnuvöllur með áhorfendastúkum og -stæðum fyrir allt að 2.500 áhorfendur. Völlurinn er fullkominn grasvöllur fyrir knattspyrnuleiki og æfingar.

3. *Æfingavöllur (Friðriksvöllur)*

Opinn gervigrasvöllur fyrir knattspyrnuæfingar.

4. *Æfingavöllur (nýr völlur)*

Opinn gervigrasvöllur fyrir knattspyrnuæfingar. Verið er að útbúa þennan völl.

Ásýnd alls svæðisins er glæsileg, metnaðarfull og vegleg.

Allar húseiningar virðast vera í góðu ástandi og nokkuð vel við haldið.

Tekjumöguleikar af eigninni

Matsmenn leggja mat á mögulegt leiguverð á eignunum ef þær væru leigðar út.

Gert er ráð fyrir að leigusamningur væri hefðbundinn hvað viðhald varðar, þ.e. að leigusali sér um viðhald bygginga utandyra og leigjandi innandyra.

Helstu gjöld af eigninni

Þau gjöld sem leigusali greiðir eru fasteignagjöld, brunatrygging, húseigendatrygging og viðhaldskostnaður. Þessi kostnaður er mikilvæg forsenda þessa verðmats. Í verðmati þessu eru fasteignagjöldin reiknuð beint út frá verðskrá bæjarfélags og orkuveitu, tryggingakostnaður áætlaður skv. almennum kjörum sem búast má við frá tryggingarfélögum á markaði og viðhaldskostnaður áætlaður skv. algengri reynslutölu fyrir atvinnuhúsnæði, eða 1,5 % af fasteignamati.

Gert er ráð fyrir að fasteignagjöld reiknist út frá því fasteignamati sem nú er á eigninni.

Almennir fyrirvarar

Eftirfarandi fyrirvarar eru gerðir við verðmöt þessi:

1. Nákvæm skoðun þinglýstra gagna svo sem eignaskiptayfirlýsinga, lóðarleigusamninga, lokaúttekta og annarra kvaða og réttinda hefur ekki farið fram. Hér er gert ráð fyrir því að í þessum gögnum sé ekki um nein þau atriði að ræða sem gætu haft afgerandi áhrif á verðmöt þessi.

2. Verðmat þetta getur ekki skoðast sem söluyfirlit skv. 10. gr. í lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa nr. 99/2004.

Niðurstaða verðmatsins:

Eftir skoðun eignarinnar og að teknu tilliti til söluverðs atvinnuhúsnæðis með langtíma leigusamningum í Reykjavík teljum við söluverð þessara eignar vera **kr. 3.450.000.000,-** í núverandi ástandi.

Verðmat þetta byggir á þeim grundvelli að um væri að ræða eign til sölumeðferðar hjá Jöfri ehf. og nær fyrst og fremst til hugsanlegs söluverðs hins metna miðað við markaðsaðstæður eins og þær eru í dag, verðs sambærilegra eigna og að góður tími gefist til sölumeðferðar.

Við ákvörðun verðmatsins er litið til ástands, stærðar, staðsetningar og söluhorfa á hinni metnu eign.

Undirritaðir hafa skoðað og verðmetið ofangreindar eignir og stuðst auk þess við gögn og upplýsingar sem við höfum aflað okkur. Eignina höfum við metið eftir bestu samvisku og þekkingu.

Reykjavík 18. júní 2024.

Magnús Kristinsson, löggiltur fasteignasali

Ólafur Jóhannsson, löggiltur fasteignasali

JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI

Hlíðarendi 6A, 6-10 - 101 Reykjavík - 2024			
Skráning fasteignaskrár ríkisins			
Húsmat			1.005.675.000 kr.
Lóðarmat			620.625.000 kr.
Fasteignamat			1.626.300.000 kr.
Brunabótamat			2.143.300.000 kr.
Birt stærð í fermetrum			7.402,1
Áætlaðar árstekjur	leiga/fm.	leiguverð/mán.	leiguverð/ári
Útleiga á húsnæði auk bílastæða	2.297 kr.	17.000.000 kr.	204.000.000 kr.
Útleiga á keppnisvelli		5.000.000 kr.	60.000.000 kr.
Útleiga á æfingavelli		2.000.000 kr.	24.000.000 kr.
Útleiga á æfingavelli		2.000.000 kr.	24.000.000 kr.
Heildartekjur		26.000.000 kr.	312.000.000 kr.
Athugasemd: Tekjur hér að ofan gera ekki ráð fyrir mögulegum hækkunum né lækkunum á leigutekjum og því			
Árleg gjöld			
Fasteignaskattur	1,60%	af fasteignamati	26.020.800 kr.
Lóðarleiga	1,00%	af lóðarmati	6.206.250 kr.
Vatnsgjald	208,42 kr.	per fm + 5.370 kr. per fastar	1.548.116 kr.
Fráveitugjald	499,92 kr.	per fm + 12.952 kr. per fasta	3.713.410 kr.
Áætluð brunatrygging	700 kr.	per 1M brunabótamats	1.500.310 kr.
Áætluð húseigandatrygging	700 kr.	per 1M brunabótamats	1.500.310 kr.
Áætlað viðhald	1,50%	af fasteignamati	24.394.500 kr.
Heildarrekstrargjöld, áætluð			64.883.696 kr.
Tekjur - gjöld			247.116.304 kr.
Einfaldur virðisútreikningur miðað við áætlaðar tekjur og áætluð gjöld			
Virði miðað við ofangreint og mismunandi kröfur til ávöxtunar á heildarfjárfestingu			
Ef ávöxtun (yield) er	**7,16%**	**er virði eignarinnar**	**3.450.000.000 kr.**
Athugasemd: Tekjur og gjöld eru hér áætluð og fjárfesti ber að skoða báða liði betur áður en ákvörðun er tekin um fjármögnun, kaup eða annað tengt eigninni.			
Einfaldur virðisútreikningur miðað við fjármögnun; kaupverð			3.450.000.000 kr.
Fjármögnun vx	70%	4,50%	108.675.000 kr.
Eigið fé ávöxtun	33%	12,16%	138.441.304 kr.
Eigið fé kr.			1.138.500.000 kr.
Athugasemd: Miðar við 3% kaup- og lántökukostnað . Ekki tekið tillit til skatta né greiðsluflæðis. Vextir sem lántakandi fær eru mismunandi.			
Kennitölur			
Leigumánuðir = Kaupvirði / leigutekjur á mánuði			132,7
Fasteignamat á birta fermetra			219.708 kr.
Brunabótamat á birta fermetra			289.553 kr.
Meðalleiguverð (hús) á birta fermetra, á mánuði			2.297 kr.
Viðhald á birta fermetra á mánuði			275 kr.
Heildarrekstrargjöld á birtan fermetra á mánuði			730 kr.

Loftmynd – (skv. Borgarvefssja.is):

JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI

FASTEIGNAYFIRLIT

Fasteignanúmer: F2028970
Hlíðarendi 6-10, Reykjavíkurborg

ÞINGLÝSTIR EIGENDUR

Nafn	Kennitala	Heimild	Eignarhlutfall	Staða
Knattspyrnufélagið Valur	670269-2569	Lóðarleigusamningur	100%	Þ

Landeigendur
Gögn vantar

FASTEIGNAMAT

Gildandi fasteignamat 2024	Fyrirhugað fasteignamat 2025
1.696.950.000 kr.	1.797.100.000 kr.

NOTKUNAREINING - ÍÞRÓTTAHÚS

Notkunareininganúmer	Staðfang
N2028970	Hlíðarendi 6-10

Húsmat	Lóðarmat	Brunabótamat	Endurstofnsverð
1.225.900.000 kr.	471.050.000 kr.	2.309.800.000 kr.	2.532.552.000 kr.

Notkun	Flatarmál	Tryggingafélag	Byggingarefni
Íþróttahús	7326,0 m²	VÍS	Steypa

Skráðir umráðendur skv. fasteignaskrá

Nafn	Kennitala	Eignarhlutfall	Kaupdagur	Afhending
Knattspyrnufélagið Valur	670269-2569	100%	10.11.1979	Gögn vantar

Matseiningar

Merking	Lýsing	Bygg.ár	Flatarmál	Bygg.stig	Matsstig	Fasteignamat	Brunabótamat
020101	Íþróttahús	1955	7326,0 m²	B4 Fullgerð bygging	7 Fullgerð bygging	1.610.350.000 kr.	2.103.750.000 kr.
010101	Skrifstofa	1905	76,1 m²	B4 Fullgerð bygging	7 Fullgerð bygging	15.950.000 kr.	33.650.000 kr.
030101	Félagsheimili	1918	130,0 m²	B4 Fullgerð bygging	7 Fullgerð bygging	15.450.000 kr.	71.300.000 kr.
060101	Kirkja	1991	150,0 m²	B4 Fullgerð bygging	7 Fullgerð bygging	55.200.000 kr.	101.100.000 kr.

Rekstrareiningar

Eignarhald

02 0101 - Séreign

Rými	Lýsing	Lokun	Brúttó m²	Brúttó m³	Birt stærð m²	Nettó m²	Skipta m³	H-FI
02 0001	Líkamsrækt	Lokað	86,4	220,3	86,4	80,4	0	N
02 0002	Geymslur	Lokað	218,6	557,4	218,6	199,8	0	N
02 0003	Tæknir./Innta ksklefi	Lokað	12,1	30,9	12,1	9,4	0	T
02 0004	Tæknir./Lagn ir	Lokað	15,6	28,9	15,6	12,6	0	T
02 0005	Tæknirými	Lokað	47,7	121,6	47,7	43,7	0	T
02 0006	Tæknir./Rafm .hb	Lokað	9,3	23,7	9,3	8,5	0	T
02 0007	Tæknirými/La gnarými	Lokað	23,3	59,4	23,3	18,4	0	T
02 0008	Tæknirými/La gnag.	Lokað	35,9	91,5	35,9	28,4	0	T
02 0009	Skriðrými	Lokað	0	280,6	0	0	0	V
02 0010	Forrými/Kjall aratr.	Opið	6,7	17,1	0	0	0	U
02 0101	Íþróttasalur	Lokað	533	3821,9	533	508,8	0	N
02 0102	Búningsklefar /aðstað	Lokað	198,5	539,9	198,5	170,5	0	N
02 0103	Líkamsrækt/b úningskl	Lokað	324,7	947,1	324,7	300,8	0	N
02 0104	Félagsaðst./g angar/g	Lokað	715,9	2101,9	715,9	660,7	0	N
02 0105	Tæknirými	Lokað	7	23,5	7	6,2	0	T
02 0106	Íþróttasalur	Lokað	2194,2	25596,4	2194,2	2147,3	0	N
02 0107	Búningsklefar /aðstað	Lokað	605,2	1952,2	605,2	544,8	0	N
02 0108	Geymslur	Lokað	278,4	891,5	278,4	248,3	0	N
02 0109	Stigahús/lyfta	Lokað	28,4	91,4	28,4	22,9	0	U
02 0110	Tæknirými	Lokað	6	13	5,1	4,8	0	T
02 0111	Tæknirými	Lokað	6	13	5,1	4,8	0	T
01 0301	Heiðurs-/fréttam.stú	Lokað	174,8	566,4	174,8	162,8	0	N
01 0302	Leikm.stúka/vs/ræst	Lokað	91,3	291,4	91,3	83,4	0	N
01 0303	Stigahús/lyfta	Lokað	16	75,7	16	10	0	U
01 0304	Þakrými	Lokað	0	21,3	0	0	0	V

01 0118 - Séreign

Rými	Lýsing	Lokun	Brúttó m^2	Brúttó m^3	Birt stærð m^2	Nettó m^2	Skipta m^3	H-Fl.
01 0118	Gistieining	Lokað	40,2	126,6	40,2	33,9	0	N
01 0119	Gistieining	Lokað	39	122,9	39	33,9	0	N
01 0120	Gistieining	Lokað	39	122,9	39	33,9	0	N
01 0121	Gistieining	Lokað	39	123,2	39	33,9	0	N
01 0122	Gistieining	Lokað	40,3	127,9	40,3	33,9	0	N
01 0123	Tæknirými	Lokað	42,4	122,4	35,3	38,1	0	T
01 0124	Setustofa	Lokað	46,9	202,4	46,9	40,2	0	N
01 0125	Gistieining	Lokað	39,9	128,1	39,9	34,5	0	N
01 0126	Gistieining	Lokað	40	108,8	40	34,5	0	N
01 0127	Sjúkraþjálfun	Lokað	44,8	121,9	44,8	40,8	0	N
01 0212	Gistieining	Lokað	45,1	126,3	45,1	38,9	0	N
01 0213	Gistieining	Lokað	39	109,2	39	34,5	0	N
01 0214	Gistieining	Lokað	46,1	129,1	46,1	40	0	N
01 0215	Gistieining	Lokað	41,9	117,3	41,9	36,7	0	N

06 2 - Séreign

Rými	Lýsing	Lokun	Brúttó m^2	Brúttó m^3	Birt stærð m^2	Nettó m^2	Skipta m^3	H-Fl.
06 0101	Sérhæfð bygging		150	690	150	0	0	

01 X - Sameign allra

Rými	Lýsing	Lokun	Brúttó m^2	Brúttó m^3	Birt stærð m^2	Nettó m^2	Skipta m^3	H-Fl.
01 X	Svalarrými	Opið	28,8	0	0	0	0	S
01 X	Tæknirými	Lokað	148,5	376,8	0	118,1	0	T
01 X	Umferðarrými	Lokað	202,6	633,3	0	166,1	0	U

LANDUPPLÝSINGAR

Landeignanúmer: L106642

Gerð	Notkun	Stærð	Lóðarmat
Lóð	Viðskipta og þjón.lóð	29103,0 m²	469.600.000 kr.

Skráðir umráðendur skv. fasteignaskrá

Nafn	Kennitala	Eignarhlutfall
Reykjavíkurborg	530269-7609	100 %

Skýringar

Byggingarstig: Samþykkt byggingarstig frá byggingarfulltrúa
Matsstig: Forsenda mats
Vísitala brunabótamats: 1029,6

ATH: Þinglýst eignaskiptayfirlýsing er sú heimild sem gildir um skráningu fasteigna. Ef misræmi er á milli upplýsinga í fasteignaskrá og þinglýstrar eignaskiptayfirlýsingar þá gildir þinglýst eignaskiptayfirlýsing.

VEÐBANDAYFIRLIT

Tilgreining samkvæmt þinglýsingarbók:

Fasteignanúmer, F2028970

Hlíðarendi 6-10, Reykjavíkurborg

Lýsing fasteignar	Landeignanúmer	Landeign
Íþróttahús 01-0101	L106642	

EIGNARHEIMILDIR

Þinglýstur eigandi / eigendur

Eigandi	Kennitala	Afsals%	Kaup%	Eignarheimild	Skjalnúmer	Útgáfudagur	Móttökudagur
Knattspyrnufélagið Valur	670269-2569	100,0000		Lóðarleigusamningur	411-T-010453/2005	14.07.2005	18.7.2005

Frumheimildir

Skjaltegund	Skjalnúmer	Útgáfudagur	Móttökudagur	Aths.
Lóðarleigusamningur	411-T-010453/2005	14.07.2005	18.07.2005	

Efnisatriði

Skjaltegund	Skjalnúmer	Lýsing
Afsal	411-T-010451/2005	Afsal um land.
Lóðarleigusamningur	411-T-010453/2005	Nýr lóðarleigusamningur sjá skjal 411-R-002507/2013 en hann er felldur úr gildi með skjali 411-R-002431/2014
Lóðarleigusamningur	411-T-010453/2005	Hlíðarendi 2-6 er 59.435 fm. leigulóð undir íþróttastarfsemi til 75 ára frá 01.06.2005. Afnotalóðin Hlíðarendi 8 er 10.000 fm. að stærð. Á lóðinni er almenn kvöð um hvers konar lagnir borgarsjóðs og skilmála borgarverkfræðings.

Athugasemdir

Skjaltegund	Skjalnúmer	Lýsing
Afsal	411-T-010451/2005	Öll mannvirki eru í eigu Knattspyrnufélagsins Vals þ.m.t. Friðrikskapella.

Engin veðbönd

ÖNNUR ÞINGLÝST SKJÖL

Önnur þinglýst skjöl

Skjaltegund	Skjalnúmer	Útgáfudagur	Móttökudagur
Umboð	411-T-003340/2013	10.02.2013	30.04.2013
Yfirlýsing	411-T-003341/2013	12.02.2013	30.04.2013
Yfirlýsing	411-T-003349/2013	26.03.2013	30.04.2013
Yfirlýsing	411-R-002431/2014	26.05.2014	04.06.2014
Lóðamarkabreyting	441-E-007359/2017	30.06.2017	28.07.2017
Lóðamarkabreyting	441-A-000040/2024	13.12.2023	03.01.2024

Efnisatriði

Skjaltegund	Skjalnúmer	Lýsing
Yfirlýsing	411-R-002431/2014	Yfirlýsing um niðurfellingu á lóðarleigusamning skjal 411-R-002505/2013.
Yfirlýsing	411-T-003341/2013	Hlíðarendi 2-6 og 8 skulu afmást. Í stað lóðar að Hlíðarenda 2-6 kemur ný lóð Hlíðarendi 6-10 sömu stærðar. Í stað Hlíðarenda 8 kemur ný lóð Hlíðarendi 14 sömu stærðar.
Yfirlýsing	411-T-003341/2013	Nýjar lóðir eru að Hlíðarendi 2, 4, 4A og 12

ATH: Prentun á veðbandayfirliti kemur ekki í stað vottorðs þinglýsingarstjóra, sbr. 2 mgr. 12 gr. reglugerðar um þinglýsingar nr. 405/2008

VEÐBANDAYFIRLIT

Tilgreining samkvæmt þinglýsingarbók:

Fasteignanúmer, F2028970

Hlíðarendi 6-10, Reykjavíkurborg

Efnisatriði

Skjaltegund	Skjalnúmer	Lýsing
Yfirlýsing	411-T-003349/2013	Nýtt heiti lóðar og breyting lóðarmarka.

KVAÐIR

Kvaðir

Skjaltegund	Skjalnúmer	Lýsing
Lóðarleigusamningur	411-T-010453/2005	Óheimilt er að veðsetja lóðarréttindi eða mannvirki.

ATH: Prentun á veðbandayfirliti kemur ekki í stað vottorðs þinglýsingarstjóra, sbr. 2 mgr. 12 gr. reglugerðar um þinglýsingar nr. 405/2008

Samningur
um rekstur íþróttamannvirkja að Hlíðarenda

Þessi samningur er gerður á milli Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, og Knattspyrnufélagsins Vals, kt. 670269-2569, Hlíðarenda, 102 Reykjavík, (hér eftir nefnt „Valur“).

1. gr.

Valur skal sjá áfram um rekstur á skrifstofu- og félagsaðstöðu og búningsaðstöðu og íþróttahúsum í Íþróttamiðstöðinni að Hlíðarenda, 102 Reykjavík, ásamt æfingavöllum, gervigrasvöllum, keppnisvelli og áhorfendastúku við keppnisvöllinn, sjá lista í *Viðauka 1*. samningur þessu tekur gildi frá og með dd.mm.2026 og gildir í 3 ár.

Frá og með framangreindum dagsetningum skal Valur greiða rekstrarkostnað viðkomandi mannvirkja, sbr. 4. gr. og bera ábyrgð á rekstri húss og valla.

2. gr.

Starfsfólk og stjórn Valur skal kynna sér; siðareglur, jafnréttisstefnu og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim. Valur skal jafnframt veita Reykjavíkurborg upplýsingar um þátttöku í starfinu eftir kyni sé þess óskað.

Valur skal láta þess getið í öllu kynningarefni á vegum félagsins að það hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal það auðkennt með merki Reykjavíkurborgar.

3. gr.

Valur annast alla þjónustu við æfingar og mót á vegum Vals og Íþróttabandalags Reykjavíkur (hér eftir nefnt ÍBR). Samráð verður á milli starfsmanna á skrifstofum Vals og ÍBR um niðurröðun leikja, móta og æfinga í öllum þeim mannvirkjum sem tilgreind eru í samningi þessum.

Valur fær styrk ár hvert í samræmi við húsaleigu- og æfingastyrkjareglur ÍBR og Reykjavíkurborgar. Styrkurinn er m.a. vegna eins íþróttafulltrúa, skíðaskála, sumarstarfs og þjónustu á vegum félagsins.

Valur skal greiða rekstrarkostnað vegna Íþróttamiðstöðvar og valla, þ.m.t. laun starfsmanna sem starfa við umsjón fasteignar, valla og við bað- og búningsklefavörslu, rafmagn, hita, kalt vatn og kostnað við ræstingar og útkalla vegna brunavarna- og innbrotakerfis.

Valur skal kaupa ábyrgðartryggingu vegna starfsmanna hússins og ber ábyrgð á því skaðabótaskylda tjóni sem gestir kunna að verða fyrir og rekja má til vanrækslu á viðhaldi, sem er á ábyrgð félagsins, eða umsjón félagsins á íþróttamannvirkjum.

Valur skuldbindur sig til að halda við þeim mannvirkjum sem samningur þessi nær til og annast allt viðhald og lagfæringar, sem nauðsynlegar verða á samningstímanum. Meiriháttar viðhald mannvirkja er á ábyrgð Reykjavíkurborgar. Reykjavíkurborg greiðir einnig öll opinber gjöld af mannvirkinu þ.m.t. fasteignaskatt, lóðarleigu og önnur sambærileg gjöld.

DRÖG

Reykjavíkurborg mun greiða fyrir kostnað við brunavarna- og innbrotakerfi. Kostnaður af útköllum vegna bruna- og innbrotakerfis verður greiddur af Reykjavíkurborg og skal Valur endurgreiða hann í desember ár hvert.

Menningar og íþróttasvið Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnt „MÍR“) er leigutaki á mannvirkjum borgarinnar og greiðir innri leigu vegna mannvirkisins til eignasjóðs Reykjavíkur.

4. gr.

Í Íþróttahúsinu fer fram íþróttakennsla á vegum skóla- og frístundasviðs. Valur skal annast gæslu á bað- og búningsklefum og þrif. Skólinn skal hafa forgang um tíma í íþróttahúsinu frá 8:00 – 15:00 alla virka daga á meðan skólastarf er. Valur skal hafa samskipti við skólana um niðurröðun á tímum og hvenær skólinn er með starfsemi í íþróttahúsinu.

5. gr.

Rekstrarframlag Reykjavíkurborgar til Vals vegna þessa skal vera samkvæmt áætlun kr. xx.xxx.xxx ,- á árið 2026 og xxx.xxx.xxx ,- fyrir árið 2027. Greiðslurnar frá árinu 2026 skulu verðbætast í samræmi við breytingu á launavísitölu frá janúar 2026 og vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2026. Greiðslurnar skulu uppreiknast árlega í janúar, 50% vegna launavísitölu og 50 % vegna neysluvísitölu.

Valur er eigandi að félagsaðstöðu í íþróttamiðstöðinni en MÍR eru heimiluð afnot af félagsaðstöðu á samningstímanum fyrir fundi og ráðstefnur MÍR/Reykjavíkurborgar án endurgjalds.

Valur skal gera ársuppgjör og leggja fyrir MÍR fyrir 1. maí ár hvert.

6. gr.

Sameiginlegur kostnaður sem fellur til svo sem vegna þrifa á sameiginlegum rímum hússins, sorphirðu, snjómoksturs ofl. mun MÍR bera kostnað af.

7. gr.

Verði veruleg breyting á rekstri samkvæmt samningi þessum, frá því sem er við undirritun samnings, svo sem vegna kjarasamninga, er samningsaðilum heimilt að óska eftir endurskoðun á samningnum og skal ósk um slíkt berast til menningar-, íþrótta- og tómstundaráðs.

8. gr.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarstjórnar á fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert.

9. gr.

Samningur þessi gildir frá og með 1. janúar 2026 og gildir til 31 desember 2028. Samningur þessi er uppsegjanlegur af beggja hálfu með 6 mánaðar fyrirvara frá þeim degi þegar tilkynning um uppsögn er send gagnaðila með sannanlegum hætti.

DRÖG

10. gr.

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er þrjár blaðsíður, gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, 2026

F.h.Reykjavíkurborgar F.h. Knattspyrnufélagsins Vals

_____ _____

DRÖG

Reykjavíkurborg

Reykjavík, 11. desember 2023
MSS23120070

Borgarráð

Samkomulag vegna uppbyggingar á reit A og J á Hlíðarenda, byggingar fjölnota íþróttahúss o.fl.

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samkomulagi á milli Knattspyrnufélagsins Vals, Hlíðarenda ses. og Reykjavíkurborgar. Samkomulagið felur í sér uppbyggingu á reit A og J við Hlíðarenda, nánar tiltekið á lóðum við Arnarhlíð 3 og Hlíðarenda 14. Samkomulagið felur einnig í sér áform um byggingu fjölnota íþróttahúss, endurbyggingar gervigrasvallar og eignaryfirfærslu gervigrasvallar austan Arnarhlíðar til Reykjavíkurborgar. Þá felur samkomulagið í sér breytta landnotkun á Arnarhlíð/Snorrabrautaráss á lóð Hlíðarenda 12 vegna Borgarlínu auk uppgjörs á framkvæmdum innan lóðar Vals vegna göngustíga.

Greinargerð
Samningur þessi tekur til uppbyggingar á þeim tveimur lóðum sem eftir standa óbyggðar á Hlíðarendareit, lóð við Arnarhlíð 3 þar sem lóðarhafi er Hlíðarendi ses. og lóð við Hlíðarenda 14 þar sem lóðarhafi er Knattspyrnufélagið Valur. Samningurinn kveður á um að lóðarhöfum verði heimilt að láta vinna á sinn kostnað deiliskipulag vegna lóðanna þar sem stefnt er að því að hafa annarsvegar blandaða íbúðarhúsalóð og hinsvegar hreina íbúðarhúsalóð.

Í samræmi við samningsmarkmið Reykjavíkurborgar er samið um að á lóðunum verði 20% íbúða skilgreindar sem leiguíbúðir, stúdentaíbúðir, leiguíbúðir Félagsbústaða hf., búseturéttaríbúðir og/eða íbúðir fyrir aldraða. Félagsbústaðir hafa kauprétt á allt að 5% íbúða á umsömdu föstu verði.

Sérstakt byggingarréttargjald verði ekki greitt vegna fyrirhugaðrar uppbygginga á lóðunum en þess í stað skuldbinda lóðarhafar sig til þess að ráðstafa þeim ábata sem fæst af sölu byggingarréttarins og/eða uppbyggingar og sölu íbúða á lóðunum, til fjármögnunar á aðstöðu íþróttaiðkunar á starfssvæði Knattspyrnufélagsins Vals á Hlíðarenda. Verður í þeim efnum sérstaklega horft til uppbyggingar fjölnota íþróttahúss á Hlíðarenda. Knattspyrnufélagið Valur mun fjármagna, byggja og reka fjölnota íþróttahús að Hlíðarenda, sem uppfyllir þarfir allra þeirra greina er iðkendur hjá Knattspyrnufélaginu Val leggja stund á.

Samkomulagið kveður á um breytta notkun á lóð við Hlíðarenda 12 þannig að lóðin verði framvegis nýtt undir almenningssamgöngur, en fyrirhugað er að Borgarlína muni fara um Snorrabrautarás.

Þá kveður samkomulagið á um að Knattspyrnufélagið Valur mun endurbyggja og fjármagna gervigrasvöll á árunum 2023 – 2024 vestan Arnarhlíðar samkvæmt fyrirliggjandi deiliskipulagi og kostnaðaráætlun. Reykjavíkurborg endurgreiðir Knattspyrnufélaginu Val kostnað við völlinn þar með talið fjármagnskostnað með árlegum greiðslum á árunum 2025, 2026 og 2027 skv.

Reykjavíkurborg

nánara samkomulagi og í samræmi við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert. Völlurinn verður í eigu Reykjavíkurborgar.

Þá samþykkir Knattspyrnufélagið Valur að afhenda Reykjavíkurborg gervigrasvöll austan Arnarhlíðar til eignar, rekstrar og viðhalds frá og með 1. janúar 2024 án þess að til komi sérstök greiðsla fyrir. Afsal skal undirritað samhliða þessum samning.

Reykjavíkurborg og Knattspyrnufélagið Valur eru sammála um að samhliða undirritun þessa samnings verði sett af stað vinna við endurskoðun á eignarhaldi íþróttamannvirkja að Hlíðarenda, sem ekki eru þegar í eigu Reykjavíkurborgar, og þeirra lóða sem þau standa á með það að markmiði að Reykjavíkurborg taki yfir rekstur þeirra frá og með 1. janúar 2025.

Að lokum kveður samkomulagið á um uppgjör framkvæmdakostnað vegna gerð göngustíga sbr. eldri samning á milli aðila frá 12. desember 2016.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt: Drög að samkomulagi vegna uppbyggingar á Hlíðarenda dags. 11.12.2023

Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, vegna Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík (hér eftir „Reykjavíkurborg“) annars vegar og Hlíðarendi ses., kt. 681113-0290, Hlíðarenda, 102 Reykjavík og Knattspyrnufélagið Valur, kt. 670269-2569, Laufásvegi Hlíðarenda, 102 Reykjavík hins vegar (í sameiningu „lóðarhafar“) (Reykjavíkurborg og lóðarhafar í sameiningu „aðilar“), gera með sér eftirfarandi

samning vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á Hlíðarenda

1. gr.
Inngangur

Samningur milli Reykjavíkurborgar, Valsmanna hf., og Knattspyrnufélagsins Vals, dags. 24. júní 2013, með viðaukasamningi, dags. 2. nóvember 2013, fól í sér fullnaðaruppgjör vegna allra fyrri samninga aðila. Með samkomulagi milli sömu aðila, dags. 12. desember 2016, var áréttað að öll mál milli framangreindra aðila vegna uppbyggingar á og við svæði Knattspyrnufélagsins Vals á Hlíðarenda væru uppgerð.

Þessi samningur felur í sér sjálfstæðan samning um áframhaldandi uppbyggingu á Hlíðarendareit með það að augnamiði að vinna að markmiðum Aðalskipulags Reykjavíkur 2040 og styðja við uppbyggingu íþróttastarfs og innviða á starfssvæði Knattspyrnufélagsins Vals.

Knattspyrnufélagið Valur er handhafi lóðarréttinda að Hlíðarenda 14, með landeignanr. L201420 (lóð J) og Hlíðarendi ses. er handhafi lóðarréttinda og byggingarréttar að Arnarhlíð, 3 með landeignanr. L220842 (lóð A), á grundvelli lóðarleigusamninga við Reykjavíkurborg þá er Knattspyrnufélagið Valur handhafi lóðar við Hlíðarenda 2-6, en samningur þessi nær til þeirra lóða. Hér eftir verða þessir aðilar nefndir sameiginlega „lóðarhafar“.

Samningur þessi tekur til eftirfarandi þátta:

- Breytinga á deiliskipulagi Hlíðarendareits.
- Fjölnotahúss og yfirfærslu á núverandi íþróttamannvirkjum Knattspyrnufélagsins Vals til Reykjavíkurborgar.
- Endurbyggingar gervigrasvallar og yfirfærslu gervigrasvallar austan Arnarhlíðar til Reykjavíkurborgar.
- Breyttrar landnotkunar á Arnarhlíð/Snorrabrautaráss.
- Uppgjörs á framkvæmdum innan lóðar Vals vegna göngustígs.

2. gr.
Deiliskipulagsgerð

Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur þann 19. október 2021, var samþykkt Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, sem er uppfærð og endurbætt útgáfa Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 (AR2010-2030). Lóðarhöfum mun vera heimilt að láta vinna á sinn kostnað deiliskipulag fyrir Hlíðarendareit í samráði við Reykjavíkurborg. Nánar tiltekið skal unnið að svo felldum breytingum á deiliskipulagi fyrir Hlíðarenda:

- Að breyting verði gerð á núverandi deiliskipulagi sem var samþykkt 10. október 2018 og tók gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda 14. febrúar 2019 þar sem landnotkun á lóð Arnarhlíð 3, var breytt í blandaða íbúða- og atvinnuhúsalóð í stað hreinnar atvinnuhúsalóðar. Breytingin skal lúta að því að landnotkun á lóð A verði breytt í hreina íbúðarhúsalóð.
- Að landnotkun á vestasta hluta útiæfingasvæði íþróttasvæðis Knattspyrnufélagsins Vals sem tilheyrir Hlíðarenda 14 þ.e. svæðið vestan Fálkahlíðar og austan Haukahlíðar, verði breytt í

blandaðan íbúðareit, hér eftir lóð J. Breytingin verði gerð í áföngum. Fyrst verði svæðið afmarkað sem sérstök lóð, tilheyrandi Knattspyrnufélaginu Val, sem flytur lóðina til Hlíðarenda ses. Þar í framhaldi verði lóðinni breytt í blandaðan íbúðarreit, þar sem uppbygging er fyrirhuguð.
- Lóðinni Hlíðarendi 2-6 verði breytt þannig að sérstök lóð verði afmörkuð undir fjölnotahúsið, sem byggt verður vestan núverandi keppnisvallar og austan Arnarhlíðar 3, lóð A. Nýja lóðin verður að Hlíðarenda 2 með landeignanr. L236809.
- Gerðar verði breytingar varðandi endurbyggingu gervigrasvallar vestan Arnarhlíðar sem taka m.a. til legu vallarins, lýsingu og grasgerð, en gervigras komi í stað náttúrugrass.

Með ofan skráðum breytingum verður Hlíðarendi ses. lóðarhafi bæði A og J lóðar.

Komi til þess að deiliskipulagsbreytingar er lúta að ofangreindu verði samþykktar skal gera tilheyrandi breytingar á hlutaðeigandi lóðarleigusamningum eftir því sem þörf er á.

3. gr.

Uppbygging íbúða og andvirði af sölu byggingarréttar/ábati af sölu íbúða

Hlíðarenda ses. verður heimilt að þróa og koma í uppbyggingu íbúðarhúsnæði sem samþykkt verður í ofangreindu deiliskipulagi fyrir lóð A og lóð J. Þá er Hlíðarenda ses. heimilt hvort heldur að selja þann byggingarrétt eða fara í uppbyggingu án framsals byggingarréttarins sem sjálfseignarstofnunin öðlast samkvæmt fyrirhugaðri deiliskipulagsbreytingu komi til hennar. Þetta tekur til alls byggingarréttar á lóð A, Arnarhlíð 3, með landeignanr. L220842, þar með talið þess byggingarréttar sem nú þegar er heimilaður á lóðinni og alls byggingarréttar sem kemur til með að vera heimilaður á lóð J, Hlíðraenda 14 með landeignanr. L201420 sbr. 3. mgr. 2. gr. samnings þessa.

Lóðarhafar eru skuldbundnir til að selja byggingarréttinn á markaðsvirði. Markaðsverð skal fengið með verðmati tveggja óvilhallra fasteignasala á verðmæti byggingaréttarins.

Lóðarhafar skuldbinda sig til að ráðstafa þeim ábata sem fæst af sölu byggingarréttarins og/eða uppbyggingar og sölu íbúða á lóðunum, til fjármögnunar á aðstöðu íþróttaiðkunar á starfssvæði Knattspyrnufélagsins Vals á Hlíðarenda, svo sem verið hefur og er í samræmi við eldri samninga milli aðila. Verður í þeim efnum sérstaklega horft til uppbyggingar íþróttahúss sbr. 7.gr. ásamt enn frekari uppbyggingu á íþróttaaðstöðu að Hlíðarenda fyrir barna- og unglingastarf til að mæta vaxandi fjölda íbúa við þéttingu byggðar og þar með áframhaldandi fjölgun á iðkendum íþrótta innan upptökusvæðis Knattspyrnufélagsins Vals.

Með ábata er átt við þann hagnað sem hlýst af uppbyggingu íbúða, söluverð að frádregnum byggingarkostnaði og öðrum útlögðum kostnaði og gjöldum.

4.gr.

Sala íbúða til Félagsbústaða hf.

Komi til uppbyggingar sbr. 3. gr. samþykkja lóðarhafar að Félagsbústaðir hf. hafi kauprétt á 5% allra íbúða, í húsum á hvorri lóð fyrir sig í samræmi við almenn samningsmarkmið Reykjavíkurborgar á nýjum uppbyggingarsvæðum samþykktum á fundi borgarráðs 20. janúar 2022. Íbúðirnar geta verið allt að þriggja herbergja. Miðað skal við í kaupunum að stærð einstaklings- og tveggja herbergja íbúða sé á bilinu 45-60 m^2 að birtu flatarmáli að geymslu meðtalinni hvers stærð skal vera í samræmi við sambærilegar íbúðir, þó ekki stærri en 4 m^2. Miðað skal við að stærð þriggja herbergja íbúða sé á bilinu 60-80 m^2 að birtu flatamáli að geymslu meðtalinni hvers stærð skal vera í samræmi við sambærilegrar íbúðir, þó ekki stærri en 4 m^2. Félagsbústaðir hf. hafa val um tegund íbúða. Íbúðirnar skal afhenda tilbúnar og skal frágangur þeirra, efnisval og gæði vera sambærilegt við aðrar íbúðir að svipaðri stærð í sömu húsum. Bílastæði fylgir ekki þessum íbúðum.

Kaupverð hvers birts fermetra í íbúð og geymslu er umsamið 490.000 kr. Framangreint kaupverð á m^2 er miðað við byggingarvísitölu september 2021 (157,2 stig) og skal breytast í samræmi við þróun vísitölu þessarar frá undirskriftardegi til greiðsludags.

Lóðarhafar skulu bjóða Félagsbústöðum hf. kauprétt með tölvupósti á netfangið kauprettur@felagsbustadir.is samhliða því að teikningar eru lagðar inn til byggingarfulltrúans í Reykjavík. Boð um kauprétt telst vera móttekið þegar Félagsbústaðir staðfesta móttöku tölvupóstsins með sérstökum svarpósti við tölvupóstinum til lóðarhafa (staðfesting á því að tölvupóstur hafi verið sendur á uppgefið netfang telst ekki jafngilda móttöku Félagsbústaða). Félagsbústaðir hafa 45 daga frest til að tilkynna lóðarhöfum að þeir hyggist nýta sér rétt sinn en ella fellur kauprétturinn niður. Fresturinn byrjar að líða fyrsta virka dag eftir að Félagsbústaðir hafa sent framangreindan tölvupóst um móttöku kaupréttarboðs.

Komi til kaupa skal kaupsamningur gerður þegar byggingarnefndarteikningar hafa verið samþykktar. Í kaupsamningi verða nánari ákvæði um kaupin, þ. á m. um staðsetningu íbúðanna, sem dreifa skal um hús á lóðunum, endanleg stærð þeirra og greiðslu kaupverð.

Geta skal um kauprétt þennan sem almenna kvöð í eignarskiptayfirlýsingu um íbúðirnar sem byggðar verða og eru innan ofangreindra stærðarmarka. Kvöðinni skal aflýst þegar Félagsbústaðir hafa tekið afstöðu til kaupréttarins.

5. gr.
Kvöð um leiguíbúðir o.fl.

Komi til uppbyggingar sbr. 3. gr. verður sett sú kvöð á lóðirnar að 20% íbúða skuli vera leiguíbúðir, þ.m.t. stúdentaíbúðir, leiguíbúðir Félagsbústaða hf., fyrir aldraða og/eða búseturéttaríbúðir í samræmi við áform Reykjavíkurborgar um félagslega blöndun. Íbúðirnar skulu vera í eigu félags sem hefur það að meginmarkmiði að leigja út íbúðir til langtíma

Þær íbúðir sem Félagsbústaðir hafa kauprétt að sbr. 5. gr. eru hluti þessara íbúða.

Útbúin verður sérstök yfirlýsing sem lóðarhafar skuldbinda sig til að undirrita sem þinglýst verður sem kvöð á núverandi lóðir. Í eignaskiptayfirlýsingu skal skilgreint hvaða íbúðir falli undir þessa kvöð.

6. gr.
Gatnagerðargjöld og önnur gjöld

Komi til uppbyggingar sbr. 3. gr. skulu lóðarhafar þess tíma greiða gatnagerðargjald og önnur lögbundin skipulags,-framkvæmda-, byggingarleyfis- og tengigjöld vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á lóðunum.

Sérstakar innviða- eða byggingarréttar greiðslur verði þó ekki greiddar enda rennur ábati vegna sölu íbúða til uppbyggingar íþróttamannvirkja á svæði Knattspyrnufélagsins Vals á Hlíðarenda.

Gjalddagi gatnagerðargjalds er við samþykkt embættis byggingarfulltrúa á byggingaráformum á viðkomandi lóð og reiknast samkvæmt gildandi gjaldskrá gatnagerðargjalda hverju sinni.

7. gr.
Fjölnota íþróttahús

Knattspyrnufélagið Valur mun fjármagna, byggja og reka fjölnota íþróttahús að Hlíðarenda, sem uppfyllir þarfir allra þeirra greina er iðkendur hjá Knattspyrnufélaginu Val leggja stund á.
Íþróttahúsið verður eign Knattspyrnufélagsins Vals. Fjölnotahúsið verður æfingahús sem skiptist í hálft knatthús, parkethús og nauðsynleg stoðrými.

Hönnun fjölnotahússins tekur mið af þeim frumdrögum/forteikningum sem Knattspyrnufélagið Valur hefur látið vinna og kynnt Reykjavíkurborg.

Reykjavíkurborg og Knattspyrnufélagið Valur munu skipa sérstakan vinnuhóp varðandi hönnun aðaluppdrátta og gerð kostnaðarmats fyrir fjölnotahúsið. Vinnuhópurinn skal skipaður tveimur fulltrúum frá hvorum aðila og skal hvor aðili um sig ber kostnað af fulltrúum sínum í vinnuhópnum. Vinnuhóp þessum verði sett erindisbréf, sem samþykkt verður sameiginlega af báðum aðilum. Vinnuhópurinn skal gera borgaryfirvöldum og Knattspyrnufélaginu Val reglulega grein fyrir framvindu verksins þannig að þær upplýsingar nýtist við þá vinnu sem lýst er í 12. gr.

Að lokinni hönnun aðaluppdrátta fjölnotahússins og samþykktar þeirra og uppfærðu kostnaðarmati því tengdu munu Reykjavíkurborg og Knattspyrnufélagið Valur gera sérstakan samning um notkun hússins annars vegar á vegum Knattspyrnufélagsins Vals og hins vegar fyrir aðra starfsemi sem kann að fara fram á vegum Reykjavíkurborgar í tengslum við skólastarf eða vegna starfsemi annarra félagasamtaka í borginni. Samningurinn skal undirritaður þegar fyrir liggur hönnun og fyrirkomulag mannvirkisins ásamt kostnaðarmati og rekstraráætlun.

Í þeim samningi, sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar, skal kveða á um leigutíma, árafjölda þ.e. lengd samnings, styrkhæfa tíma og leigugjald.. Fulltrúar Knattspyrnufélagsins Vals, Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) og Menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkur (MÍR) skulu gera áætlun um nýtingu hússins.

Stefnt skal að því að aðaluppdrættir og kostnaðarmat liggi fyrir eigi síðar en í júlí 2024.

Samningur þessi felur ekki í sér frekari skuldbindingar Reykjavíkurborgar um greiðsluþátttöku við stofnkostnað íþróttahússins umfram það sem segir í 2. mgr. 6. gr. samnings þessa.

8. gr.

Lega borgarlínu um Snorrabrautarás og Arnarhlíð

Með 2. gr. samnings milli Reykjavíkurborgar, Valsmanna hf. og Knattspyrnufélagsins Vals, dags. 12. desember 2016, var samið um að Knattspyrnufélagið Valur legði til landsvæði, helgunarsvæði Snorrabrautaráss, nánar tiltekið Hlíðarenda 12, L220838, undir hljóðmanir og nýja göngu- og hjólastíga. Knattspyrnufélagið Valur samþykkir með samkomulagi þessu að til viðbótar verður lóðin Hlíðarendi 12 nýtt undir almenningssamgöngur, en fyrirhugað er að Borgarlína muni fara um Snorrabrautarás og Arnarhlíð fyrir miðju göturýmisins og að hjóla- og göngustígar verði beggja vegna.

Reykjavíkurborg ábyrgist að byggð verði nauðsynleg mannvirki við og/eða undir Snorrabrautarás til að tryggja örugga gönguleið milli gervigrasvalla er liggja samsíða legu borgarlínu. Samráð skal haft við Knattspyrnufélagið Val vegna hönnunar og við val á þeim mannvirkjum sem tengja saman íþróttasvæði félagsins austan og vestan Arnarhlíðar.

Þá ábyrgist Reykjavíkurborg að byggð verði mannvirki sem kunna að reynast nauðsynleg til að verja svæði Knattspyrnufélagsins Vals fyrir breytingum á þeim umferðarmannvirkjum sem liggja nærri svæði félagsins og tengjast áformuðum breytingum á legu Miklubrautar og Bústaðarvegar og Snorrabrautaráss, sbr. 3.1.4 í greinargerð og skilmálum deiliskipulags Hlíðarenda frá 2014 með síðari tíma breytingum.

9. gr.

Endurbygging gervigrasvallar vestan Arnarhlíðar

Knattspyrnufélagið Valur hefur látið vinna nýtt deiliskipulag fyrir gervigrasvelli á svæði 01c á Hlíðarenda. Deiliskipulagið var samþykkt til auglýsingar á fundi Borgarráðs 31. ágúst 2023. Samkvæmt tillögunni er fyrirhugað að endurbyggja núverandi gervigrasvöll, sem er vestan Arnarhlíðar og Snorrabrautaráss og um leið að snúa honum.

Knattspyrnufélagið Valur mun endurbyggja og fjármagna þennan gervigrasvöll á árunum 2023 – 2024 vestan Arnarhlíðar samkvæmt fyrirliggjandi deiliskipulagi og kostnaðaráætlun. Hönnun vallarins taki mið af gervigrasvelli austan Arnarhlíðar og þeirri frumhönnun vallar vestan Arnarhlíðar, sem Knattspyrnufélagið Valur og Valsmenn hf. hafa látið gera og kynnt Reykjavíkurborg.

Framkvæmdin og útboð vegna vallarins skal unnið í samræmi við lög um opinber innkaup.

Reykjavíkurborg verður eigandi vallarins. Áætluð verklok eru 1. september 2024. Frá þeim tíma mun Reykjavíkurborg að öllu leyti sjá um rekstur vallarins og viðhald.

Reykjavíkurborg endurgreiðir Knattspyrnufélaginu Val kostnað við völlinn þar með talið fjármagnskostnað með árlegum greiðslum á árunum 2025, 2026 og 2027 skv. nánara samkomulagi og í samræmi við fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar ár hvert, enda sé kostnaður við framkvæmdina í samræmi við sambærilegar framkvæmdir í Reykjavík. Endurgreiðslan verði bundin byggingarvísitölu frá upphafi framkvæmda.

Verk- tíma- og kostnaðaráætlun endurbyggingar gervigrasvallarins er í viðauka með samningi þessum. Knattspyrnufélagið Valur skal upplýsa Reykjavíkurborg með reglulegum hætti um framgang verksins og um mögulegar breytingar sem á því kunna að verða frá þeirri áætlun sem fram kemur í viðauka.

10. gr.
Gervigrasvöllur austan Arnarhlíðar

Með samkomulagi þessu samþykkir Knattspyrnufélagið Valur að afhenda Reykjavíkurborg gervigrasvöll austan Arnarhlíðar til eignar, rekstrar og viðhalds frá og með 1. janúar 2024 án þess að til komi sérstök greiðsla fyrir. Afsal skal undirritað samhliða þessum samning.

11. gr.
Endurgreiðsla vegna framkvæmda við göngustíg

Í 3. grein. samkomulags milli Reykjavíkurborgar og Knattspyrnufélagsins Vals, dags. 12. desember 2016, er kveðið á um að Reykjavíkurborg standi straum að kostnaði allra göngu- og hjólastíga á Hlíðarendareit, sem tilheyra göngustígakerfi Reykjavíkurborgar. Jafnframt kveður 3. grein samkomulagsins á um að Knattspyrnufélagið Valur annist allan yfirborðsfrágang bílastæða innan athafnasvæðis félagsins.

Samkomulag er um að Reykjavíkurborg greiði Knattspyrnufélaginu Val við undirritun þessa samnings framkvæmdakostnað alls 67.825.941 kr. vegna umræddsgöngustígs, sem liggur um landsvæði félagsins, um fullnaðargreiðslu er að ræða og hefur Reykjavíkurborg uppfyllt skyldu sína að fullu skv. samkomulagi frá 12. desember 2016.

12.gr.
Eignarhald íþróttamannvirkja á starfssvæði Knattspyrnufélagsins Vals á Hlíðarenda

Reykjavíkurborg og Knattspyrnufélagið Valur eru sammála um að samhliða undirritun þessa samnings verði sett af stað vinna við endurskoðun á eignarhaldi íþróttamannvirkja að Hlíðarenda, sem ekki eru þegar í eigu Reykjavíkurborgar, og þeirra lóða sem þau standa á með það að markmiði að Reykjavíkurborg taki yfir rekstur þeirra frá og með 1. janúar 2025, sbr. þó 9. og 10. gr. samnings þessa.

Aðilar setji upp starfshóp með tveimur fulltrúum frá hvorum aðila þ.e. frá Reykjavíkurborg og Knattspyrnufélaginu Val, sem sjái um undirbúning og framkvæmd á yfirfærslu mannvirkjanna til Reykjavíkurborgar. Þeim starfshóp verði sett sérstakt erindisbréf og skal starfshópurinn hefja vinnu sína svo fljótt sem verða má eftir undirritun samkomulags þessa.

Fulltrúar Knattspyrnufélagsins Vals, Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) og Menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkur (MÍR) skulu gera áætlun um nýtingu allra þeirra mannvirkja hvers eignarhald flyst yfir til Reykjavíkurborgar þar í framhaldi verði gerður þjónustusamningur á milli Reykjavíkurbogar og Knattspyrnufélagsins Vals um rekstur mannvirkjanna. Vinna við gerð nýtingar áætlunar og þjónustusamningsins fari fram á árinu 2024 á vegum fulltrúa Vals og Menningar-og íþróttasviðs Reykjavíkur (MÍR).

Í vinnu við endurskoðun á eignarhaldi núverandi mannvirkja að Hlíðarenda verði einnig tekið á eignarhaldi hins nýja fjölnota íþróttahúss sbr. 7. gr., þannig að eignarhald þessi verði í framtíðinni með sama hætti og verði með önnur íþróttamannvirki á Hlíðarenda. Sérstakur samningur verði gerður milli Knattspyrnufélagsins Vals og Reykjavíkurborgar um fjölnotahúsið að lokinni þeirri vinnu aðila sem lýst er hér í þessari grein.

13. gr.
Framtíðaruppbygging og íþróttastarfsemi

Aðilar eru sammála um að Reykjavíkurborg hafi frumkvæði af því að efna til umræðu við Knattspyrnufélagið Val og önnur íþróttafélög hvers upptökusvæði eru önnur en hjá Knattspyrnufélaginu Val í samvinnu við ÍBR og MÍR um framtíðar þjónustusvæði félagana vegna framtíðaruppbyggingar og skipulags íþróttastarf.

14. gr.
Lagnir

Komi til þess vegna uppbyggingar á lóð J Hlíðarendi 14 og lóð A, Arnarhlíð 3, að flytja þurfi spennistöð eða lagnir veitustofnanna skulu lóðarhafar bera kostnað við þann flutning.

15. gr.
Framsal

Kvöð um að framsal er óheimilt nema að fenginni staðfestingu Reykjavíkurborgar á nýjum framsalshafa. Þessa skal getið á veðbandayfirliti fasteignanna Hlíðarenda 14, með landeignanr. L201420 og Arnarhlíð, 3 með landeignanr. L220842.

16. gr.
Uppsögn

Komi í ljós við deiliskipulagsvinnu sbr. 2. og 3. mgr. 2. gr. samnings þessa að ábatinn sem hlýst af uppbyggingu sbr. 3. gr. dugi ekki til uppbyggingar íþróttahúss sbr. 7. gr. er lóðarhöfum heimilt að segja upp 3. – 7. gr. samkomulags þessa.

Nái aðilar ekki saman um fjárhæð leigu sbr. 3. mgr. 7. gr. er þeim, hver fyrir sig, heimilt að segja upp 3. – 7. gr. samkomulags þessa.

Í hvoru tilviki fyrir sig skal uppsögn berast með sannarlegum hætti áður en breytingar á deiliskipulagi fyrir Arnarhlíð 3 og Hlíðarenda 14 verða lagðar inn til samgöngu- og skipulagsráðs til samþykktar.

17. gr.
Varnarþing

Rísi ágreiningur um gildi, túlkun og framkvæmd á samningi þessum skulu aðilar leitast við að leysa ágreiningsefni með samkomulagi. Takist ekki að leysa ágreininginn skal vísa honum til Héraðsdóms Reykjavíkur.

Heimilt er að þinglýsa samkomulagi þessu ásamt kvaðayfirlýsingu sbr. 6.gr. á lóðirnar Hlíðarendi 14 með landeignanr. 201420 og Arnarhlíð 3 með landeignanr. 220842

Samkomulag þetta var samþykkt á fundi borgarráðs þann xx.xx.2023

Reykjavík xx. xx.xxxx

_____	_____
F.h. Reykjavíkurborgar samkvæmt samþykkt borgarráðs	F.h. Knattspyrnufélagsins Vals

_____

F.h. Hlíðarenda ses.

Vitundarvottar að réttri undirskrift, fjárræði og dagsetningu:

_____	_____
Kt.	Kt.

DRÖG

Viðauki 8 - *Yfirlitsmynd af Hlíðarenda og þeim mannvirkjum sem færast til Reykjavíkurborgar. Án kvarða.*



A = Íþróttahús gamla og nýja

B = Gervigrasvöllur austan Arnarhlíðar

C = Gervigrasvöllur vestan Arnarhlíðar

KAUPSAMNINGUR OG AFSAL

DRÖG

Seljandi: Knattspyrnufélagið Valur, kt. 670269-2569, Laufásvegi Hliðarenda, 101 Reykjavík. Hlutfall selt 100%

Kaupandi: Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhús Reykjavíkur, 101 Reykjavík vegna eignasjóðs Reykjavíkurborgar, kt. 621102-2220, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík. Hlutfall keypt 100%.

hér eftir sameiginlega nefndir „aðilar“.

Viðskipti þessi eru byggð á samningi aðila sem samþykktur var í borgarráði þann dd.mm.áááá. Vísast í því samhengi einnig til ákvæða í samningi aðila sem undirritaður var þann 14. desember 2023, með það að markmiði að Reykjavíkurborg taki yfir eignarhald og rekstur tiltekinna mannvirkja við Hlíðarenda 6-10.

Aðilar gera með sér eftirfarandi kaupsamning um kaup á fasteignum seljanda að Hlíðarenda 6-10, Reykjavík, sem eru *íþróttahús, gamla og nýja,* með fastaeignanúmeri F2028970, merking 020101, með þeim skilmálum sem hér greinir:

1. gr.
Hið selda

Seljandi skuldbindur sig til að selja og kaupandi til að kaupa fasteignir þær sem lýst er í samningi þessum, auk hlutdeildar í lóðarleiguréttindum, með þeim skilmálum og kjörum sem í honum greinir eða af lögum leiðir.

Fasteignirnar eru staðsettar á lóð, sem skráð er hjá Þjóðskrá Íslands sem Hlíðarendi 6-10 í Reykjavík, landeignanúmer L106642. Skráð byggingarár er 1955.

Um er að ræða tvo gervigrasvelli norðan og austan Arnarhlíðar við Hlíðarenda 6-10.

Annars vegar við Valshlíð 13, Reykjavík, 11.976 m^2, landeignanúmer 201420, **F2327923**, skráð sem viðskipta og þjónustulóð.

Fasteignamat ársins 2025:	154.050.000kr.
Lóðarmat:	154.050.000kr.
Dags. veðbandayfirlits:	19. nóvember 2025
Kvaðir og önnur eignarbönd:	Eignarheimild seljanda sjá afsal með þinglýsingarnúmeri **411-T-010451/2005** Lóðarleigusamningur, sjá skjalnúmer **411-R-002507/2013**

Hins vegar Valshlíð 17, 10.061 m^2, landeignanúmer 237804, **F2534568**. Skráð sem íbúðar- og atvinnulóð.

Fasteignamat ársins 2025:	41.000.000 kr.
Lóðarmat:	41.000.000 kr.
Dags. veðbandayfirlits:	19. nóvember, 2025

Kvaðir og önnur eignarbönd:	Eignarheimild seljanda sjá afsal með þinglýsingarnúmeri **411-T-010451/2005** Lóðarleigusamningur, sjá skjalnúmer **411-T-010453/2005**

<u>Fasteignanúmer F2028970, Íþróttahús, 7559 m^2, nýja og gamla. Merking 010101</u>

Fasteignamat ársins 2026:	2.338.700.000 kr.
Húsmat	1.829.400.000
Brunabótamat:	3.291.250.000 kr.
Lóðarmat:	469.600.000 kr.
Tryggingafélag seljanda:	VÍS
Tryggingafélag kaupanda:	VÍS
Dags. matsvottorðs:	20. apríl 2026
Dags. veðbandayfirlits:	20. apríl 2026
Kvaðir og önnur eignarbönd:	Eignarheimild seljanda sjá afsal með þinglýsingarnúmeri **411-T-010451/2005** Lóðarleigusamningur, sjá skjalnúmer **411-T-010453/2005**

Kaupandi á lóðina sem mannvirkin standa á skv. afsali dags. 14. júlí 2005.

2. gr.
Samningsgögn

Við gerð samnings þessa kynntu aðilar sér gaumgæfilega eftirtalin gögn sem skoðast sem hluti af kaupasamningi og/eða eru honum til fyllingar og skýringar um réttindi og skyldur aðila og samningsforsendur þeirra og gerðu aðilar engar athugasemdir við þau.

a) Lóðaleigusamningur, dags. 14.07.2005 ásamt síðari lóðarmarkabreytingum, skjalanúmer **411-T-010453/2005,**
b) Eignarheimild seljanda skv. afsali, dags. 14.07.2005, skjalanúmer **411-T-010451/2005,**
c) Samningur á milli aðila dagsettur þann 14. desember 2023
d) Samkomulag á milli aðila samþykktur í borgarráði dags dd.mm.áááá.

3. gr.
Lýsing eignar

Um er að ræða steypt 7559,9 m^2 íþróttahús, nýja og gamla, sem stendur við Hlíðarenda 6-10, Reykjavík.

Hið selda er selt ásamt öllu því sem fylgir og fylgja ber, að engu undanskildu, þ.m.t. tilheyrandi sameignar- og lóðarleiguréttindi. Heildarstærð lóðarinnar (landnúmer 106642) er 29.103 m^2.

Eignin er seld í því ástandi sem hún er í við undirritun samnings þessa að öðru leyti en því sem fram kemur í ákvæði þessu, og kaupandi hefur kynnt sér rækilega.

4. gr.
Kaupverð, greiðslutilhögun og afsal

Kaupverð í tölustöfum:	Kaupverð í bókstöfum:

22.993.201 kr.	**Tuttuguogtværmilljónirníuhundruðníutíuogþrjúþúsundtvöhundruðogein 00/100**

Greitt samhliða undirritun kaupsamnings. Reykjavíkurborg áskilur sér 30 daga frest áður en greiðsla berst til seljanda.

Greiðslustaður kaupverðs:

Rnr.: **xxxx-xx-xxxxxx**
Kt.: **xxxxxx-xxxx**

5. gr.
Afhending

Afhending fer fram samhliða undirritun kaupsamnings og afsals þesa.

6. gr.
Kostnaður

Kaupandi hirðir arð eignarinnar frá afhendingardegi og greiðir jafnframt af henni skatta og skyldur frá sama tíma.

Kaupandi greiðir kostnað við þinglýsingu á skjölum vegna kaupsamnings þessa, s.s. þinglýsingar og stimpilgjöld.

Kostnaður kaupanda af kaupunum:

1. Stimpilgjöld af kaupsamningi er 1,6% af heildarfasteignamati.
2. Þinglýsingargjald af kaupsamningi og afsali er kr. 3700,- af hverju skjali.

7. gr.
Veðbönd og kvaðir

Engin veðbönd eða skuldir hvíla á hinni seldu eign.

Seljandi hefur kaup- og forkaupsrétt í 30 ár frá undirritun kaupsamnings og afsals þessa. Eftir þann tíma hefur seljandi forleigu- og forkaupsrétt að mannvirkjunum.

8. gr.
Önnur ákvæði

Afsalshafi hirðir arð eignarinnar frá afhendingardegi og greiðir jafnframt af henni skatta og skyldur frá sama tíma.

Eignin er seld án veðbanda af hálfu seljanda og annarra kvaða en að ofan kann að greina.

Áhvílandi veðskuldir er á eigninni kunna að hvíla hefur kaupandi sjálfur stofnað til og eru þær seljanda óviðkomandi. Veðbókarvottorð liggur frammi við afsalsgerð þessa og hafa aðilar kynnt sér efni þess og hafa ekkert við það að athuga. Uppgjör vegna opinberra gjalda hefur farið fram milli aðila.

Afsalshafi greiðir þinglýsingar – og stimpilgjald af samningi þessum.

Samkvæmt framansögðu lýsir seljandi afsalshafa réttan og löglegan eiganda framangreindrar eignar.

Seljandi ber ábyrgð á að láta lesa af mælum og senda til viðkomandi veitna strax við afhendingu.

Um kaupin og réttarsamband aðila gilda lög um fasteignakaup nr. 40/2002.

Komi upp ágreiningur milli aðila skulu þeir þegar leita leiða til að leysa ágreiningsefnið áður en til koma vanefndir á öðrum greinum þessa samnings eða riftunar á honum.

Deilur sem upp kunna að koma um efndir, framkvæmd eða túlkun þessa samnings, og aðilum tekst ekki að leysa, skulu reknar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Til staðfestu undirrita kaupandi og seljandi skjal þetta í viðurvist tveggja vitundarvotta og lýsa yfir fjárræði sínu.

Reykjavík, dags. _____

F.h. Reykjavíkurborgar samkvæmt samþykki borgarráðs dags. _____

F.h. seljanda

_____ _____

Vottar að réttri dagsetningu, undirritun og fjárræði

_____ _____

Nafn og kt. Nafn og kt.

DRÖG

010453

Leigusamningur um lóð til byggingar íþróttamannvirkja

Skjal nr. T
Móttekið til þinglýsingar
18 JÚLÍ 2005
FRUMRIT STIMPLAÐ m. kr.

Fastanúmer 202-8969-72
224-2023-24
Landnúmer 106642
Staðgreinir 1.628.801
Málsnúmer 2002050048

Reykjavík – KR3 8300 – STIMPILGJALD 18.7.05 – F.E. 113

INNFÆRT
- 4 AUG. 2005

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Gerir kunnugt:
Samkvæmt ályktunum borgarráðs 7. maí 2002 og 16. desember 2003, sbr. samkomulag milli Reykjavíkurborgar og Knattspyrnufélagsins Vals um skipulag á félagssvæði Vals að Hlíðarenda, dags. 11. maí 2002 og viðauka um uppbyggingu íþróttamannvirkja og framkvæmdir, dags. 17. 12. 2003 er

Knattspyrnufélagið Valur, kt. 670269-2569, Hlíðarenda við Laufásveg

leigjandi lóðarinnar **Hlíðarendi 2–6 í Reykjavík** og afnotahafi lóðarinnar **Hlíðarenda nr. 8**

Lóðin er leigð fyrir íþróttastarfsemi með eftirgreindum skilmálum:

1. Lóðin, **Hlíðarendi nr. 2 – 6 (jöfn nr.) við Laufásveg í Reykjavík**, er að flatarmáli **59.435 m²** og lögun hennar, eins og sýnt er á viðfestum uppdrætti mælingadeildar dags. 2. maí 2005.
   Á lóðinni eru eftirtaldar kvaðir:
   a. Kvöð um háspennustreng O.R., gröft og legu jarðsímastrengja, plaströra og ljósleiðara.
   b. Kvöð um holræsi.
   c. Kvöð um að á lóðinni verði eingöngu byggð og reist íþróttamannvirki.
   d. Lóðarhafa er óheimilt að veðsetja lóðarréttindi eða mannvirki vegna lána eða annarra skuldbindinga sem félagið eða einstakar deildir þess undirgangast.
   e. Kvöð um að yfirborðsvatn af þökum verði leitt beint í jörð við húsvegg en ofanvatn af bílastæðum verði leitt að grjótsvelg eða púkkgryfju innan lóðar.
   f. Almenn kvöð um hvers konar lagnir borgarsjóðs eða stofnana hans, sem þörf er á.

   Afnotalóðin, Hlíðarendi nr. 8, sem er 10.000 m² að stærð, fylgir lóðinni Hlíðarenda nr. 2-6 (jöfn nr.). (Landnúmer 201420, Staðgr. 1.628.802).
   Um afnotalóðina og notkun hennar gilda sérákvæði, sbr. 2. gr. áður greinds samkomulags milli Reykjavíkurborgar og Knattspyrnufélagsins Vals, dags. 11. maí 2002.
   Lóðarhafa er skylt að hlíta deiliskipulagsskilmálum, almennum úthlutunarskilmálum og samþykktum byggingarnefndar- og séruppdráttum varðandi mannvirki á lóðinni, lagnir, leiðslur og um frágang lóðar.
2. Lóðin er leigð til 75 ára, talið frá 1. degi júní mánaðar árið 2005.
3. Um mannvirki á lóðinni fer eftir samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Knattspyrnufélagsins Vals um skipulag á félagssvæði Vals að Hlíðarenda, dags. 11. maí 2002 og viðauka um uppbyggingu íþróttamannvirkja og framkvæmdir, dags. 17. desember 2003.

4. Lóðarhafi greiðir alla skatta og gjöld til opinberra þarfa, sem lögð eru eða verða lögð á hina leigðu lóð. Fjárnámsréttur er fyrir fasteignagjöldum, lóðarleigu, opinberum gjöldum, sköttum, vöxtum og dráttarvöxtum.

5. Ársleiga af lóðinni ákveðst samkvæmt reglugerð um leigu lóða í Reykjavík.
Um innheimtu og gjalddaga leigunnar fer eftir þeim reglum er um innheimtu fasteignagjalda í Reykjavík gilda á hverjum tíma. Um vexti og dráttarvexti fer eftir sömu reglum.
Hús og mannvirki eru að veði fyrir fasteignagjöldum, lóðarleigu, opinberum gjöldum, sköttum, vöxtum og dráttarvöxtum og eru lóðarhafi og veðhafar skyldir að hlíta því, ef í lög verða sett ákvæði um að þau gangi á undan veðskuldum, sem á eigninni hvíla.

6. Vilji borgarstjórnin ekki að loknum leigutímanum leyfa lóðarhafa með nýjum leigusamningi að láta hús, sem þá eru á lóðinni, standa þar áfram, skal borgarstjórnin greiða lóðarhafa sannvirði hússins eða húsanna eftir mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástands byggingarnna.

7. Í samræmi við 5. gr. viðauka dags. 17.12.2003, við samning Vals og Reykjavíkurborgar frá 11.5.2002 um uppbyggingu íþróttamannvirkja og framkvæmdir á félagssvæði Knattspyrnufélagsins Vals að Hlíðarenda í Reykjavík er lóðarhafa óheimilt að veðsetja lóðarréttindi eða mannvirki á félagssvæðinu vegna lána eða annarra skuldbindinga sem Knattspyrnufélagið Valur eða einstakar deildir félagsins undirgangast.

8. Lóðarhafi greiðir kostnað við þinglýsingu á leigusamningi þessum og stimpilgjald.

9. Af leigusamningi þessum eru gerð þrjú samrit, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglýsingar.

Borgarstjórinn í Reykjavík, 14. júlí 2005

Ég undirritaður lóðarhafi geng að framangreindum leiguskilmálum og skuldbind mig til að halda þá í öllum greinum.

Fasteignamat lóðar kr. 52.820.000 (Áætl.)
Ársleiga 0.145% kr. 76.589 (Áætl.)

Vottar að réttri dagsetningu,
undirskrift og fjárræði lóðarhafa:

Lhlidarendi2-6



Hús eru tölusett við Hlíðarenda

Nr.	X-hnit	Y-hnit
158	21721.8730	16519.9307
161	21749.0019	16487.1534
162	21904.5937	16434.3068
163	21928.2159	16427.9769
164	21970.6560	16539.9907
165	21963.9325	16542.5382
